- G 33b **Hamarsheiðarvegur:** Af Þjórsárdalsvegi vestan Kálfár um Hamarsheiði og á Þjórsárdalsveg vestan Þverár, með álmu á Þjórsárdalsveg hjá Þjórsárholti og Stóra-Núpi, og að Hæli og Skáldabúðum.
- G 36 **Langholtsvegur í Flóa:** Af Suðurlandsvegi nálægt Túni, að Langholti.
- G 36b **Oddgeirshólavegur:** Af Suðurlandsvegi hjá Hraungerði að vegamótum við Austurkot og Oddgeirshóla.
- G 37 **Ólvaðsholtsvegur:** Af Suðurlandsvegi við Kjartansstaði að vegamótum við Ólvaðsholt.
- G 38 **Eyrarbakkavegur:** Af Suðurlandsvegi austan Ölfusárbrúar á Selfossi við Eyrarbakka.
- G 39 **Votmúlavegur:** Af Eyrarbakkaavegi hjá Geirakoti um Votmúla á Gaulverjabæjarveg við Smjördali.
- G 40 **Kaldaðarnesvegur:** Af Eyrarbakkaavegi nálægt Sandvík að heimreið að Heiðarbergi.
- G 41 **Gaulverjabæjarvegur:** Af Suðurlandsvegi í Flóa um Gaulverjabæ og Stokks-eyri að Eyrarbakkaavegi.
- G 42 **Holtsvegur:** Af Gaulverjabæjarvegi nálægt Klængsseli um Holt að Stokks-eyri.
- G 43 **Vorsabæjarvegur í Flóa:** Af Gaulverjabæjarvegi móts við Seljatungu við Vorsabæ á Hamarsveg við Syðri-Velli.
- G 44 **Hamarsvegur:** Af Gaulverjabæjarvegi norðan Gaulverjabæjarvegur um Hamarsbæi og Skógsnes á Villingaholtsvegi hjá Sýrlæk.
- G 44b **Önundarholtsvegur:** Af Gaulverjabæjarvegi norðan Meðalholts, um Súluholt, á Villingaholtsveg norðan Önundarholts.
- G 45 **Villingaholtsvegur:** Af Suðurlandsvegi í Flóa um Villingaholt, suður með Þjórsá um Fljótshóla, á Gaulverjabæjarveg norðan Loftsstaða.
- G 46 **Urriðafossvegur:** Af Suðurlandsvegi skammt vestan Þjórsár, um Urriðafoss, Villingaholt og Gafl á Hamarsveg hjá Skógsnesi.
- G 47 **Hamravegur:** Af Suðurlandsvegi hjá Einbúa að Hamrahóli.
- G 47b **Ásmundarstaðavegur:** Af Suðurlandsvegi við Selsund um Ásmundarstaði á Þykkvabæjarveg við Áshverfi.
- G 48 **Bugavegur:** Af Suðurlandsvegi vestan við Lyngás að Vettleifsholti.
- G 49 **Þykkvabæjarvegur:** Af Suðurlandsvegi við Landvegamót um Áshverfi, Sandhólaferju, Hálshverfi og Þykkvabæ á Suðurlandsveg vestan við Ytri-Rangá.

- G 50 **Heiðarvegur:** Af Suðurlandsvegi vestan við Einbúa um Heiði, Kamb og Gíslholt, á Hagabraut.
- G 51 **Landvegur:** Af Suðurlandsvegi í Holtum upp Holt og Land, hjá Múla að Galtalæk.
- G 52 **Hagavegur:** Af Landvegi ofan Lýtingsstaða um Haga og Stúfholt á Landveg neðan við Köldukinn.
- G 54 **Árbæjarvegur:** Af Suðurlandsvegi vestan Ytri-Rangár, um Árbæ, Snjallsteinshöfða og Lækjarbotn á Landveg hjá Þúfu.
- G 55 **Rangárvallavegur:** Af Suðurlandsvegi vestan Varmadals, upp Rangárvelli, um Gunnarsholt og Keldur niður Rangárvelli á Suðurlandsveg vestan við Eystri-Rangá.
- G 56 **Efri Rangárvallavegur:** Af Rangárvallavegi vestan Gunnarsholts um Geldingalæk og Kaldbak, upp með Ytri-Rangá og um brú yfir Ytri-Rangá á Landveg hjá Leirubakka.
- G 57 **Heklubraut:** Af Rangárvallavegi við Gunnarsholt yfir Brekknaheiði, að Haukadal.
- G 58 **Oddavegur:** Af Suðurlandsvegi vestan við Strönd að Odda.
- G 60 **Fljótshlíðarvegur:** Af Suðurlandsvegi á Hvolsvelli inn Fljótshlíð um Múla-
kot að Árkvörn.
- G 61 **Vallarvegur:** Af Fljótshlíðarvegi hjá Sunnuhvoli um Efra-Hvol að Velli.
- G 62 **Út-Landeyjavegur:** Af Suðurlandsvegi sunnan við Þverárbrú niður með Þverá, að Hólsá um Skúmsstaði, Sigluvík og Akurey, á Suðurlandsveg við Hemlu, með álmu um brú á Hólsá hjá Ártúni á Þykkvabæjarveg.
- G 63 **Þúfnavegur:** Af Út-Landeyjavegi vestan Fróðárhólts, um Þúfu á Út-Landeyjaveg vestan Skúmsstaða.
- G 65 **Landeyjavegur syðri:** Af Út-Landeyjavegi nálægt Álfhólshjáleigu, um Arnarhól yfir Affallsbrú, um Úlfsstaði, austur Landeyjar, um Lágafell, Miðey, og Voðmúlastaði á Suðurlandsveg austan við Affall.
- G 66 **Hólmavegur:** Af Landeyjavegi syðri hjá Búðarhóli að Bakka.
- G 67 **Hólmabæjarvegur:** Af Landeyjavegi syðri nálægt Sandtjörn, um Svanavatn, Borgareyrar og Dalsel á Suðurlandsveg á Markarfljótsaurum.
- G 68 **Dímonarvegur:** Af Suðurlandsvegi vestan Markarfljóts, norður Markarfljótsaura hjá Stóra-Dímon á Fljótshlíðarveg nálægt Eyvindarmúla.
- G 69 **Þórsmerkurvegur:** Af Suðurlandsvegi austan Markarfljóts, um Stóru-Mörk inn með Markarfljóti í Húsadal í Þórsmörk.
- G 70 **Sandhólmavegur:** Af Suðurlandsvegi hjá Fitjamýri um Nýjabæ og Lambhúshól á Suðurlandsveg austan við Hvamm.
- G 71 **Skálavegur:** Af Suðurlandsvegi austan við Hvamm um Skálabæi á Suðurlandsveg vestan við Efstu-Grund.
- G 72 **Hverfisvegur:** Af Suðurlandsvegi austan Írár, um Holtshverfi á Suðurlandsveg vestan við Holtsá.
- G 73 **Leirnavegur:** Af Suðurlandsvegi austan við Steina, um Leirnahverfi og Rauðsbakka á Suðurlandsveg vestan við Svaðbælisá.
- G 74 **Raufarfellsvegur:** Af Suðurlandsvegi austan við Svaðbælisá um Raufarfellsbæi á Suðurlandsveg vestan Kaldaklifsár.
- G 77 **Péturseyjarvegur:** Af Suðurlandsvegi vestan Péturseyjar um Eyjarhóla og Pétursey á Suðurlandsveg austan Péturseyjar.
- G 78 **Dyrhólavegur:** Af Suðurlandsvegi hjá Litla-Hvamm í Mýrdal að Dyrhólum.
- G 79 **Reynishverfisvegur:** Af Suðurlandsvegi á Fossholtum að Presthúsum með lykkju norðan Lækjarbakka um Þórisholt að Reyni.
- G 82 **Kerlingardalsvegur:** Af Suðurlandsvegi hjá Fagradal, inn með Kerlingardalsá, að brú á Kerlingardalsá.
- G 83 **Álftaversvegur:** Af Suðurlandsvegi við Skálmarbrú á Mýrdalssandi, um Hraunbæ, Þykkvabæjarklaustur og Jörvíkurhryggi á Álftaversveg nálægt Holti.

- G 84 **Búlandsvegur:** Af Suðurlandsvegi austan við Tungufljótsbrú í Skaftártungu um Búland að Skaftárdal.
- G 85 **Ljótastaðavegur:** Af Búlandsvegi nálægt Gröf, um Gröf og Borgarfell, um brú á Tungufljóti undan Snæbýli að heimreið að Snæbýli.
- G 86 **Meðallandsvegur:** Af Suðurlandsvegi í Skaftártungu um Ásabrú, Leiðvöll og Langholt í Meðallandi um Eldvatnsbrú hjá Syðri-Fljótum og upp Landbrot austanvert á Suðurlandsveg við Skaftárbrú.
- G 88 **Holtsvegur á Síðu:** Af Suðurlandsvegi austan við Eldhraun um Skaftárbrú að heimreið að Heiðarseli.
- G 91 **Stórhöfðavegur í Vestmannaeyjum:** Frá vegamótum ofan við kirkjuna um Of-anleitishverfi suður að vita á Stórhöfða.

b. Hliðarvegir vegna undanþáguákvæða 12. gr. um kirkjustaði, félagsheimili, opinbera skóla eða heilsuhæli og fullgerð raforkuver.

- | Nr. | Vegur að: |
|---------|--|
| G 1— 1 | Kotstrandarkirkju. |
| G 1— 2 | Laugardællakapellu. |
| G 1— 3 | Þingborg, skóla. |
| G 1— 4 | Kálfholtskirkju. |
| G 1— 5 | Helluskóla. |
| G 1— 6 | Strandarskóla. |
| G 1— 7 | Hvoli, félagsheimili, skóla. |
| G 1— 8 | Stóradalskirkju. |
| G 1— 9 | Seljalandsskóla. |
| G 1—10 | Eyvindarhólakirkju. |
| G 1—11 | Skógaskólum. |
| G 1—12 | Ytri-Sólheimakapellu. |
| G 1—13 | Skeiðflatarkirkju. |
| G 1—14 | Ketilsstaðaskóla. |
| G 1—15 | Kirkjubæjarklaustri, skóla, félagsheimili. |
| G 1—16 | Prestbakkakirkju. |
| G 1—17 | Múlakoti, skóla. |
| G 1—18 | Kálfafellskirkju. |
| G 3— 1 | Þingvallakirkju. |
| G 3— 2 | Steingrímsstöð, orkuveri. |
| G 3— 3 | Ljósafossi, orkuveri, skóla. |
| G 5— 1 | Strandakirkju í Selvogi. |
| G 6— 1 | Hjallakirkju í Ölfusi. |
| G 11— 1 | Stóru-Borgarkirkju í Grímsnesi. |
| G 11— 2 | Stóru-Borg í Grímsnesi, félagsheimili. |
| G 11— 3 | Mosfellskirkju. |
| G 11— 4 | Torfastaðakirkju. |
| G 11— 5 | Aratungu, Reykholti, félagsheimili, skóla. |
| G 12— 1 | Úlfjótsvatnskirkju. |
| G 12— 2 | Írafossi, orkuveri. |
| G 13— 1 | Búrfellskirkju. |
| G 14— 1 | Laugarvatni, skólum. |
| G 14— 2 | Miðdalskirkju. |
| G 20— 1 | Haukadalskirkju. |
| G 22— 1 | Hraungerðiskirkju. |
| G 23— 1 | Sólheimum, barnaheimili. |
| G 24— 1 | Bræðratungukirkju. |
| G 25— 1 | Brautarholti, skóla. |

Nr.	Vegur að:
G 25— 2	Skálholtskirkju.
G 26— 1	Ólafsvallakirkju.
G 28— 1	Hrepphólakirkju.
G 30— 1	Flúðum, skóla og félagsheimili.
G 31— 1	Hrunakirkju.
G 32— 1	Tungufellskirkju.
G 33— 1	Stóranúpskirkju.
G 33— 2	Ásaskóla.
G 33— 3	Félagsheimili Gnúpverjahrepps.
G 41— 1	Gaulverjabæjarkirkju.
G 41— 2	Gaulverjabæjarskóla.
G 41— 3	Félagslund, félagsheimili.
G 45— 1	Þjórsárver, skóla og félagsheimili, Villingaholti.
G 45— 2	Villingaholtskirkju.
G 49— 1	Skóla í Þykkvabæ.
G 49— 2	Hábæjarkirkju.
G 51— 1	Laugalandi, skóla og félagsheimili.
G 51— 2	Marteinstungukirkju.
G 51— 3	Brúarlundi, félagsheimili.
G 51— 4	Skarðskirkju.
G 52— 1	Hagakirkju.
G 54— 1	Árbæjarkirkju.
G 55— 1	Keldnakirkju.
G 55— 2	Gunnarsholti, heilsuhæli.
G 58— 1	Oddakirkju.
G 60— 1	Stórólshvoli, kirkju og skóla.
G 60— 2	Breiðabólstaðarkirkju.
G 60— 3	Fljótshlíðarskóla.
G 60— 4	Goðalandi, félagsheimili.
G 60— 5	Hlíðarendakirkju.
G 62— 1	Akureyjarkirkju.
G 62— 2	Njálshlíð, félagsheimili.
G 65— 1	Gunnarshólmi, félagsheimili.
G 65— 2	Krosskirkju.
G 65— 3	Votmúlakapellu.
G 71— 1	Ásólfskálakirkju.
G 79— 1	Reyniskirkju í Mýrdal.
G 79— 2	Eyrarlandi, félagsheimili.
G 83— 1	Herjólfstaðaskóla.
G 83— 2	Þykkvabæjarklausturskirkju.
G 85— 1	Grafarkirkju í Skaftártungu.
G 86— 1	Efri-Ey, skóla og félagsheimili.
✠ G 86— 2	Langholtskirkju.
G 86— 3	Þykkvabæ, skóla og kapellu.

3.2. Flokkun þjóðvega, samkv. 3.1 í undirflokkum.

3.2.1 Hraðbrautir A og B:

- A 1 Hafnarfjarðarvegur: Kópavogur — Hafnarfjörður.
- A 2 Reykjanesbraut: Reykjavík — Keflavík — Sandgerði.
- A 5 Grindavíkurvegur: Vegamót Reykjanesbrautar — Seltjörn.
- A 6 Nesvegur: Vegamót Reykjanesbrautar — Keflavíkurflugvöllur.
- A 11 Álftanesvegur: Vegamót Hafnarfjarðarvegur — Garðaholt.

- B 1 Vesturlandsvegur: Reykjavík — vegamót Borgarfjarðarbr. hjá Haugum.
- B 4 Akranesvegur.
- B 24 Borgarnesbraut.
- E 1 Norðurlandsvegur: Vegamót Ólafsfjarðarvegur — vegamót Svalbarðs-strandarvegur.
- F 1 Austurlandsvegur: Vegamót Flugvallarvegur — vegamót Norðfjarðarv.
- F 31 Norðfjarðarvegur: Vegamót Austurlandsv. — vegamót Fjarðarheiðarv.
- G 1 Suðurlandsvegur: Reykjavík — vegamót Skeiðarvegur og vegamót Landvegur — Hvolsvöllur.
- G 3 Þingvallavegur: Vegamót Vesturlandsv. — Köldukvísl hjá Gljúfrasteini.

3.2.2 Þjóðbrautir:

- A 2 Reykjanesbraut: Álma að Innri-Njarðvík.
- A 5 Grindavíkurvegur: Seltjörn — Grindavík.
- A 9 Garðskagavegur: Keflavík — Garður — Sandgerði.
- B 1 Vesturlandsvegur: Annað en hraðbraut.
- B 26 Stykkishólmsvegur.
- B 37 Ólafsvíkurvegur.
- B 42 Grundarfjarðarvegur: Vegamót Stykkishólmsvegur móts við Drápuhlíð — vegamót Ólafsvíkurvegur.
- C 1 Vestfjarðavegur.
- C 10 Barðastrandarvegur.
- C 37 Strandavegur: Vegamót Norðurlandsvegur — Hólmavík.
- D 28 Sauðárkróksbraut.
- D 38 Út-Blönduhlíðarvegur.
- D 39 Siglufjarðarvegur.
- E 1 Norðurlandsvegur: Annað en hraðbraut.
- E 2 Ólafsfjarðarvegur.
- E 20 Kinnarvegur.
- E 25 Þingeyjarsýslubraut.
- F 1 Austurlandsvegur: Vegamót Norðurlandsvegur — vegamót Flugvallavegur og vegamót Norðfjarðarvegur — vegamót Hafnarvegur.
- F 2 Stranda- og Jökulsárhlíðarvegur.
- F 31 Norðfjarðarvegur: Vegamót Fjarðarheiðarvegur — Neskaupstaður.
- F 39 Suðurfjarðavegur.
- F 50 Hafnarvegur.
- G 1 Suðurlandsvegur: Vegamót Skeiðavegur — vegamót Landvegur og Hvolsvöllur — Vík í Mýrdal.
- G 3 Þingvallavegur: Kaldakvísl hjá Gljúfrasteini — Þingvellir — vegamót Biskupstungnabrautar.
- G 7 Hafnarskeiðsvegur.
- G 11 Biskupstungnabraut: Vegamót Suðurlandsv. — vegamót Skeiðavegur.
- G 25 Skeiðavegur.
- G 38 Eyrarbakkavegur.

3.2.3 Aðrir þjóðvegir eru landsbrautir.

3.3. Aðalfjallvegir.

3.3.1 Kaldadalsvegur:

Af Uxahryggjavegi (G 4) í Brunnum um Kaldadal á Hvitársíðuveg (B 18) hjá Húsafelli (41 km).

3.3.2 Kjalvegur:

Af Geysisvegi (G 20) hjá Gullfossi um Hvítanes, Hveravelli á Kjalveg (D 20) hjá Eiðsstöðum í Blöndudal (167 km).

3.3.3 Fjallabaksvegur nyrðri:

Af Landvegi (G 51) hjá Galtalæk um Rangárbotna, Dómadalsháls, Jökulgilskvísl hjá Landmannalaugum, Eldgjá og Skaftártungu á Búlandsveg (G 84) hjá Búlandi (116 km).

3.3.4 Sprengisandsleið:

Af Fjallabaksvegi nyrðri í Rangárbotnum um Tungnaá hjá Haldi, Búðaháls, Þveröldu, Tómasarhaga, hjá Fjórðungsvatni um Hólafjall á Sölvadalsveg (E 15) hjá Þormóðsstöðum í Eyjafirði (213 km).

Álma norðan Fjórðungsvatns um Kiðagilsdrög á Bárðardalsveg vestri (E 23) hjá Mýri í Bárðardal (65 km).

Álma úr Tómasarhaga um Urðarháls yfir Jökulsá hjá Upptyppingum, Hvannalindir austan í Þríhyrningsfjallgarði á Jökuldalsveg efri (F 12) hjá Brú á Jökuldal (222 km).

4. Framkvæmdir, sem verða ekki að öllu leyti greiddar af fé vegasjóðs á áætlunartímabilinu.

4.1. Heimilt er að vinna að lagningu hraðbrauta fyrir allt að 700 millj. kr. á áætlunartímabilinu umfram það, sem greinir í kafla 2.3.1, ef fjár verður aflað til framkvæmdanna.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Um tekjur vegasjóðs 1969—1972.

1.0. Inngangur:

Tekjuspá þessi er byggð á forsendum þeim, sem raktar eru hér á eftir, og óbreyttum tekjustofnum vegasjóðs.

1.0.1 Bifreiðaspá. (Sjá fskj. 1—03, 1—04 og 1—05):

Langmestur hluti bifreiða og hlutfallslega mjög vaxandi af einingafjölda eru fólksbifreiðar, og er mestur hluti tekna vegasjóðs frá þeim komin. Sú bifreiðaspá, sem hér fer á eftir og er uppistaða þessarar tekjuspár, er að mestu leyti gerð á sama hátt og spá Efnahagsstofnunarinnar, dags. 24/2 1967, en forsenda hennar er ákveðið hlutfall milli íbúafjölda og fjölda fólksbifreiða. Vegna þess að innflutningur bifreiða minnkaði 1968 og samdráttur er áætlaður í innflutningi 1969, kemur í ljós, að þetta hlutfall, þ. e. fólksbifreiðar á 1000 íbúa, verður rúmlega ári á eftir fyrri spám, en síðan lík því, sem áætlað var.

Í spá um skiptingu bifreiða eftir þunga er skiptingin 1/1 1968 notuð sem grundvöllur, en tekið tillit til þróunar undanfarinna ára og gert ráð fyrir líkri þróun næstu ár, þannig að meðalþyngd fólksbifreiða minnki sem fyrr, en vörubifreiða aukist.

Hvað vörubíla snertir, er gert ráð fyrir, að þeim fækki enn nokkuð 1969, en fjölgi síðan heldur hægar en íbúum í landinu. Frá ársbyrjun 1964 til ársloka 1967 fækkaði vörubifreiðum um 350, þótt samanlagður þungi þeirra ykist á sama tíma. Á s. l. ári dróst innflutningur vörubíla einnig mjög saman.

Almenningsbifreiðum hefur fjölgað frá ársbyrjun 1964 til ársloka 1967 úr 406 í 500. Innflutningur þeirra dróst hins vegar mjög saman á s. l. ári. Hér er gert ráð fyrir óbreyttum fjölda 1969, en síðan nokkurri fjölgun, m. a. vegna vaxandi ferðamannastraums.

Gert er ráð fyrir, að dieselbifreiðum haldi áfram að fjölga miðað við benzínknúnar, en mun hægar en undanfarin ár, fyrst og fremst vegna hins hækkaða þungaskatts.

1.1. Innflutningsgjald af benzíni. (Sjá fskj. 1—01 og 1—02).

Við athugun hefur komið í ljós, að sterk fylgni er milli meðaleldsneytiseyðslu benzínbifreiða og meðalþunga þeirra.

Hefur því við áætlun innflutnings bifreiðabenzíns verið stuðzt við áætlaðan meðalþunga benzínbifreiða samkv. bifreiðaspá og tekjur ákvarðaðar eftir því.

1.2. Þungaskattur. (Sjá fskj. 1—01 og 1—02).

Við ákvörðun þungaskatts er fyrst og fremst stuðzt við skiptingu benzín- og dieselbifreiða í þungaflokka, samkv. bifreiðaspá, og er þar tekið tillit til þeirrar þróunar, er átt hefur sér stað undanfarin ár á hlutfalli benzín- og dieselbifreiða og þeirrar innbyrðis þróunar, er verið hefur á skiptingu milli þungaflokka.

Enn fremur er höfð hliðsjón af hækkun þeirri á þungaskatti, er varð samkv. breytingu á vegalögum frá 10. apríl 1968 og rýmkun þeirri, er þá varð á reglum um afskráningu bifreiða.

1.3. Gúmmígjald. (Sjá fskj. 1—01 og 1—02).

Við ákvörðun gúmmígjalds hefur verið höfð hliðsjón af meðalgúmmíeyðslu bifreiða á ári nokkur undanfarin ár. Með tilliti til þess og með hliðsjón af aukinni nýtingu hjólbarða vegna hækkunar gúmmígjalds samkv. breytingu á vegalögum frá 10. apríl 1968, auk lækkunar á meðalþunga bifreiða, hefur meðalgúmmíeyðsla verið ákvörðuð 22 kg/bifr./ári.

Við ákvörðun á hjólbörðum og slöngum er fylgja innfluttum bifreiðum hefur verið ákvarðaður meðalþungi á bifreið 68.0 kg 1969, 67.7 kg 1970, 67.2 kg 1971 og 66.9 kg árið 1972, og er það gert með hliðsjón af áætlaðri meðalstærð innfluttra bifreiða á ári.

1.1.1 og 1.2.1 Endurgreiðslur. (Sjá fskj. 1—01 og 1—02).

Þar sem endurgreiðslur hvers árs eru vegna álagðs þungaskatts og gjaldfrjálsrar sölu benzíns ársins áður, koma hækkanir vegna hækkaðra taxta fram ári seinna í endurgreiðslum en tekjum.

Vegna reglugerðar frá 15. júlí 1968 hafa endurgreiðslur vegna benzín gjalds lækk- að mjög, það sem af er árinu 1968.

Vegna hækkunar benzín gjalds samkvæmt breytingu á vegalögum frá 10. apríl 1968 er gert ráð fyrir 11.5 millj. króna endurgreiðslu 1969 og 12 millj. á ári eftir það.

Á sama hátt er gert ráð fyrir, að endurgreiðslur vegna þungaskatts verði 8 milljónir kr. á ári.

1.4. Óvissa.

Í spá sem þessari hlýtur ávallt að vera nokkur óvissa. Mest er hún þó í fólksbifreiðaspánni, en innflutningur fólksbifreiða er mjög háður tekjum manna. Í spánni er gert ráð fyrir, að innflutningur fólksbifreiða verði u. þ. b. 1300 árið 1969 og 400 gamlar bifreiðar úreldist, en á næstu árum aukist hvort tveggja mjög.

Fyrir hverjar 100 bifreiðar, sem fólksbifreiðaspáin kann að vera röng hvert ár fyrir sig, annað hvort vegna breytts innflutnings eða breyttrar úreldingar, myndu tekjur breytast sem hér segir: Gúmmígjald um 0.25 millj. kr. sama ár, en 0.06 millj. árin á eftir; benzín gjald 0.37 millj. sama ár, en 0.75 árin á eftir, þungaskattur um 0.04 millj. sama ár, en 0.07 árin á eftir. Ef fjölgun fólksbifreiða yrði 100 bifreiðum lægri öll árin, en spáin gerir ráð fyrir, myndu heildartekjur minnka sem hér segir: 1969 um 0.66 millj., 1970 um 1.54 millj., 1971 um 2.42 og 1972 um 3.3. millj. Ef um meiri skekkju er að ræða, hækka þessar tölur hlutfallslega.

Ef bati verður ekki í efnahagslífinu fljótlega upp úr 1969, myndi spáin fyrir árin 1970—72 að sjálfsögðu reynast of há.

II. UM SKIPTINGU ÚTGJALDA

2.1. Stjórn og undirbúningur.

2.1.1 Launagreiðslur:

Launagreiðslur fastra starfsmanna samkv. vegáætlun 1965—1968 eru sýndar á fskj. 2.1.1—01 og eru miðaðar við vísitölu 1. des. s.l. Þá eru á fskj. 2.1.1—02 sýndar launagreiðslur starfsmanna, sem ráðgert er, að verði fastráðnir á áætlunartímabilinu, en þeir eru, eins og hér segir:

	1969	1970	1971	1972
Fulltrúi	1			
Tæknifræðingur	1			
Vegaeftirlitsmaður	1			
Verkstjórar	2			
Bókari	1			
Teiknari	1			
Verkfræðingur		1		
Tæknifræðingur		1		
Verkstjórar		2		
Vegaeftirlitsmaður		1		
Bókari		1		
Tæknifræðingur			1	
Verkstjórar			2	
Bókari			1	
Tæknifræðingur				1
Verkstjórar				2

Af þessum 20 nýju starfsmönnum hafa 15 starfað hjá Vegagerðinni sem lausráðnir starfsmenn um lengri eða skemmri tíma, og er því raunverulega ekki um aukin útgjöld af þeim sökum að ræða, þegar á heildina er litið. Þeir 5 nýir starfsmenn, sem gert er ráð fyrir, að hælist við, eru 1 verkfræðingur, 3 tæknifræðingar og 1 teiknari. Þessi aukning á tæknilegu starfslíði er fyrst og fremst vegna undirbúnings og væntanlegra framkvæmda við lagningu hraðbrauta, en með ráðningu þriggja nýrra tæknifræðinga má nýta betur starfskrafta þeirra verkfræðinga, sem fyrir eru.

2.1.2 Eftirlaunagreiðslur:

Hér er eingöngu um að ræða eftirlaunagreiðslur til fyrrverandi vegaverkstjóra, sem náð hafa sjötugsaldri, og ekkna fyrrverandi vegaverkstjóra. Eru eftirlaunagreiðslur þessar miðaðar við 60% af fullum eftirlaunum verkstjóra í 12. launaflokki.

Á s.l. ári nutu 17 verkstjórar og 6 verkstjóraekkjur eftirlauna samkv. þessum líð. Af þessum 17 verkstjórum létust 3 á s.l. ári, en 9 verkstjórar munu bætast við á áætlunartímabilinu, og er því reiknað með, að 23 verkstjórar og 6 ekkjur njóti eftirlauna þetta áætlunartímabil.

2.1.3 Skrifstofukostnaður:

Hér er um nokkra aukningu á skrifstofukostnaði að ræða frá fyrri vegáætlun, enda var þar eingöngu miðað við skrifstofukostnað Vegamálskrifstofunnar í Reykjavík. Til viðbótar er nú tekinn með skrifstofukostnaður í stærstu verkstjórnarumdæmunum, þar sem jafnframt eru starfrækt áhaldahús með viðgerðaraðstöðu. Þessir staðir eru: Borgarnes, Ísafjörður, Sauðárkrókur, Akureyri og Reyðarfjörður.

2.1.4 Verkfræðilegur undirbúningur framkvæmda:

Hér er miðað við sömu starfstilhögun og í fyrri vegáætlun, en tilkostnaður hækkar lítilliga vegna breytinga á verðlagi. Gert er ráð fyrir, að verkfræðilegur undirbúningur vegna hraðbrauta verði greiddur af fjárveitingum á þeim líð.

Þá er einnig gert ráð fyrir, að sérstakar fjárveitingar komi til rannsóknna, sem gera skal samkvæmt sérstökum ályktunum Alþingis, eins og á Skeiðarársandi og víðar.

2.1.5 Umferðartalning og vegaeftirlit:

Hér er fjárveiting miðuð við, að vegaeftirliti verði haldið í sama horfi og verið hefur undanfarin tvö ár og að sömu starfsmenn sjái einnig um umferðartalningar að verulegu leyti. Töluverður tækjakostnaður, bifreiðakostnaður og lögreglukostnaður er samfara vegaeftirlitinu. Þessi starfsemi hefur þó tvímælalaust gefið mjög góða raun við að takmarka ofhleðslu og hlífa með því vegakerfinu. Einnig hefur þetta bætt mjög þjónustu við almenning, að því er varðar upplýsingar um færð á vegum o. þ. h.

2.2. Viðhald þjóðvega.

2.2.1 Viðhaldskostnaður þjóðvega:

1. Tillaga um fjárveitingar á þessum lið á næsta áætlunartímabili er miðuð við eftirfarandi forsendur um verðlag:
 - a) Kaupgjald 1. des. 1968.
 - b) Leigugjald vörubifreiða samkv. auglýstum taxta L.V. 10. jan. 1969.
 - c) Leigugjald vinnuvéla Vegagerðar ríkisins hækki 15—20% frá 1968.
 - d) Um önnur atriði gildir verðlag í febrúar 1969.

Visitala vegaviðhalds var 1. ágúst 1968 665 stig. Samkvæmt ofangreindum forsendum hækkar viðhaldsvísitalan í 791 stig eða um 11.9%.

Varðandi lið c skal það tekið fram, að leigugjald vinnuvéla Vegagerðar ríkisins á árinu 1968 var miðað við beina hækkun á rekstrarkostnaði véla vegna gengisbreytingarinnar í nóvember 1967, en afskriftir voru miðaðar við helming þeirrar hækkunar, sem varð á endurkaupsverði véla við gengisbreytinguna 1967. Var þá ráðgert, að á árinu 1969 yrði í leigugjaldinu tekið fullt tillit til endurkaupsverðs við afskriftir.

Vegna gengisbreytingarinnar í nóvember 1968 hækkar beinn rekstrarkostnaður vinnuvéla verulega. Er því hér miðað við, að leigugjald vinnuvéla í ár hækki sem svarar beinni hækkun á rekstrarkostnaði vegna gengisbreytingarinnar á s.l. ári, en að afskriftir verði miðaðar við endurkaupsverð véla fyrir gengisbreytinguna 1968. Á árunum 1970 og 1971 yrði leigugjald vinnuvéla síðan hækkað sem næmi hálfri hækkun endurkaupsverðs véla vegna gengisbreytingarinnar 1968 hvort árið.

Samkvæmt þessum forsendum og að óbreyttum liðunum a, b og d verður vísitala viðhaldskostnaðar næsta vegáætlunartímabil, eins og hér segir:

Árið 1969	791
Árið 1970	834
Árið 1971	876
Árið 1972	876

2. Almenn viðhald.

Á fskj. 2.2—01 er sýndur viðhaldskostnaður þjóðvega allt frá árinu 1949. Í dálki 1—4 eru sýndar fjárveitingar og raunverulegur kostnaður. Í dálki 5 er sýnd vísitala viðhaldskostnaðar og í dálki 6 lengd akfærra þjóðvega á hverju ári. Sú stytting á lengd akfærra þjóðvega, sem verður frá árinu 1968 til 1969 stafar af því, að hér er gert ráð fyrir flokkun vega í samræmi við 12. gr. vegalaga, svo sem nánar er greint frá í kafla 3 og sýnt er á fskj. 3.0—01. Í dálki 7 er sýndur viðhaldskostnaður á hvern km fyrir hvert ár, en í dálki 8 miðað við verðlag 1949. Sést þar, að miðað við fast verðlag er gert ráð fyrir svipuðum viðhaldskostnaði á km á næsta áætlunartímabili og verið hefur s.l. 3 ár. Í dálki 9 er sýndur bifreiðafjöldi í byrjun hvers árs, og fyrir árin 1969—1972

er miðað við þá forsögn um fjölgun bifreiða, sem Efnahagsstofnunin hefur gert í sambandi við áætlun um tekjur vegasjóðs á áætlunartímabilinu. Í dálki 10 er sýndur viðhaldskostnaður á hvern ekinn km miðað við verðlag 1949, og er þar gengið út frá því, að hver bifreið aki 10000 km á þjóðvegum á ári hverju. Í þessum dálki sést, að þessi kostnaður hefur farið lækkandi frá 1949 til 1960, en verið þýsna jafn síðan. Lækkun sú, sem fram kemur á næstu árum, er bein afleiðing af því, að fjárveitingarnar verða svo til þær sömu á km miðað við fast verðlag og því óháðar vaxandi umferð. Á móti þessu mun svo vegna að nokkru bætt tækni í viðhaldi. Einnig er þess að geta, að á fáförnum vegum er viðhaldskostnaðurinn mikið til óháður daglegum fjölda þeirra bifreiða, sem um vegina aka.

Mun afdrifarikara í þessu sambandi er hinn sívaxandi fjöldi mjög þungra bifreiða, sem um vegina aka. Sú þróun, sem átt hefur sér stað í þessu efni síðustu árin, sést greinilega á eftirfarandi yfirliti, sem sýnir skiptingu vörubifreiða eftir burðarmagni. Sleppt er sendiferðabifreiðum, sem hafa burðarmagn 1—2 tonn.

Burðarmagn vörubifreiða:

	2—5 t		5—7 t		Yfir 7 t		Alls
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	
Árslök 1960 ...	2732	81.6	413	12.3	214	6.1	3359
Árslök 1967 ...	1683	42.1	1348	33.7	875	21.8	3995

Af töflu þessari sést, að á undanförunum 8 árum hefur vörubifreiðum með yfir 5 tonna burðarmagn fjölgað úr 18.4% í 55.5% af öllum vörubifreiðum yfir tveggja tonna burðarmagn. Þetta eru bifreiðar, sem mega vegna um 10 tonn með farmi og hafa 6—7 tonna öxulþunga. Á sama tímabili fjölga bifreiðum með yfir 7 tonna burðarmagn úr 6.1% í 21.8%, en þessar bifreiðar eru hlaðnar með 9 tonna öxulþunga og meir.

Um það vandamál, sem hin sívaxandi umferð þungra bifreiða um byggða malarvegi skapar, segir svo í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar á árinu 1968: „Þó að aukning umferðar yfir sumarmánuðina hafi verið nokkru minni í ár en undanfarin ár, eins og að framan greinir, þá má segja, að slit á malarvegum hafi ekki minnkað að sama skapi. Stafar þetta af því, að sá hluti umferðarinnar, sem slitur vegunum mest, er stöðugt vaxandi, en það er umferð þungra vörubifreiða.“

Kemur þetta greinilegast í ljós á vorin, þegar frost er að fara úr jörðu og takmarka verður öxulþunga af þeim sökum. Umferð er þá oftast mjög lítil, en á mörgum vegum nær eingöngu vörubifreiðar með mjólk, fóðurbæti og áburð. Þessa flutninga er ekki unnt að stöðva að nokkru marki nema dag og dag í senn. Afleiðing er sú, að þeir stórspilla löngum vegarköflum, og fer mikill hluti af viðhaldsfé til bráðabirgðaviðgerðar, til þess að umferð stöðvist ekki með öllu.

Önnur afleiðing af hinni vaxandi umferð þungra ökutækja eru skemmdir á gömlum, brúm. Hefur því víða orðið að grípa til þess úrræðis að setja yfir gamlar brýr bráðabirgðagólf úr timbri.“

Full þörf væri á því að taka upp sérstaka fjárveitingu innan ramma vegaviðhaldsins til þess að endurbyggja veikbyggðustu malarvegina, þó ekki væri nema á aðalleiðum. Þetta er þó ekki talið fært að sinni innan þess þrönga ramma, sem tekjuáætlun vegasjóðs setur að þessu sinni.

3. Einstakir liðir vegaviðhaldsins.

Á fskj. 2.2—02 er sýnt, hvornig viðhaldskostnaður þjóðvega á síðasta vegáætlunartímabili skiptist á fjóra aðalliði, sem eru:

1. Vetrarviðhald.

Undir þessum lið telst allur kostnaður við sjómokstur, ráðstafanir vegna hálfu og klaka o. þ. h.

2. Almenn viðhald.

Undir þessum lið telst allur kostnaður við mölburð, vegheflun, hreinsun á vegskurðum, viðgerð á ræsum o. þ. h.

3. Vatnaskaðar.

Undir þessum lið er talinn kostnaður við skemmdir, sem stafa af stórfelldum vatnsflóðum, sem flokkast verða undir náttúruhamfarir.

4. Annað viðhald.

Kostnaður við mölun og hörpun efnis í slitlag malarvegjar, viðgerð brúa, rykbindingu, götulýsingu og ýmsar vegmerkingar, aðrar en samkv. umferðarlögum.

Í dálkum 1—4 er sýnt, hvernig viðhaldskostnaður á síðasta vegáætlunartímabili skiptist á framangreinda 4 liði. Í dálkum 9—12 er þessi kostnaður færður til verðlags 1968, samkv. vísitölu vegaviðhalds, sem tilgreind er í dálki 7. Í dálki 14 er sýnt, hvað almennt viðhald hefur orðið á hvern km á verðlagi 1968, og í dálki 15, hvað heildarviðhaldskostnaðurinn hefur orðið á hvern km á verðlagi 1968.

Í framhaldi töflunnar fyrir árin 1969—1972 er sýnt, hvernig áætlað er, að fjárveitingar til vegaviðhalds á næsta vegáætlunartímabili skiptist á hina einstöku liði. Til skýringar um áætlaðan kostnað við einstaka liði vegaviðhaldsins á næsta vegáætlunartímabili skal þetta tekið fram (sbr. forskj. 2—02):

1. Vetrarviðhald.

Í dálki 1 er fyrir árin 1965—1968 sýndur raunverulegur kostnaður við vetrarviðhaldið hvert ár á verðlagi þess árs. Í dálki 9 er þessi kostnaður færður til verðlags 1968, og kemur þá í ljós, að árið 1967 hefur orðið dýrast í vetrarviðhaldi. Vegna þess, að nýjar reglur um snjómokstur tóku gildi í árslok 1967, þá eru tölurnar fyrir árin 1965—1968 í dálki 9 ekki sambærilegar. Áætlað er, að kostnaður við vetrarviðhald hafi aukizt um 25% við hinar mjög rýmkuðu snjómokstursreglur frá 1967. Sé viðhaldskostnaður fyrir árin 1965—1967 á verðlagi 1968 hækkaður um 25% og meðaltal síðan tekið fyrir þessi 4 ár, kemur út meðaltalið 31.2 milljónir. Af þeim sökum hefur í dálki 9 fyrir árin 1969—1972 verið áætlaður meðalviðhaldskostnaður 30 millj. kr. á ári á þessum lið. Raunverulegur kostnaður fyrir hvert ár er síðan fundinn eftir vísitölu í dálki 7, og koma þá út niðurstöðutölurnar í dálki 1 fyrir árin 1969—1972.

2. Almenn viðhald.

Í dálki 2 er á sama hátt fyrir árin 1965—1968 sýndur raunverulegur kostnaður við almennt viðhald fyrir hvert ár. Í dálki 10 er þessi kostnaður færður til verðlags 1968, og er meðalkostnaður fyrir þessi 4 ár á verðlagi 1968 um 102.2 millj. kr. Í dálki 14 er sýndur kostnaður á þessum lið á hvern km akfærra þjóðvega, og fyrir árin 1969—1972 er þessi kostnaður talinn nálægt meðaltali fyrir undanfarin 4 ár. Vegna styttingar á akfærum þjóðvegum, sem fram kemur í dálki 6, lækkar heildarviðhaldskostnaðurinn fyrir árin 1969—1972 um 4%, miðað við síðasta áætlunartímabil, eins og sýnt er í dálki 10. Í dálki 2 er fyrir árin 1969—1972 tilgreindur áætlaður kostnaður á þessum lið samkv. viðhaldsvísitölu í 7. dálki.

3. Vatnaskaðar.

Raunverulegur kostnaður við vatnaskaða er tilgreindur í dálki 3 fyrir undanfarin 4 ár. Í dálki 11 er þessi kostnaður færður til verðlags ársins 1968, og fæst þá meðalkostnaðurinn 6.5 millj. kr. á ári. Með áætlaðri viðhaldsvísitölu í dálki 7 fást síðan raunverulegar áætlunartölur á þessum lið í dálki 3 fyrir árin 1969—1972.

4. Annað viðhald.

Raunverulegur kostnaður á þessum lið er sýndur í dálki 4, og eru stærstu kostnaðarliðirnir mólun og hörpun efnis og viðhald brúa. Á árinu 1966 fékk Vegagerðin nýjar vélasamstæður til mólunar efnis, og hafði rekstur þessara véla að sjálfsgöngu verulega aukinn kostnað í för með sér, eins og fram kemur í dálki 4. Með þessum nýju vélasamstæðum hefur undanfarin tvö ár verið unnin mól í alla aðalvegi á svæðinu frá Rangárvallasýslu og upp í Borgarfjörð. Á þessu svæði er víða mjög erfitt um nothæfan ofaniburð, og væri engin leið til þess að halda þessum vegum ökufærum með núverandi umferð, nema með því að vinna efni í þá sérstaklega. Mulinn er ofaniburður í vegi á Norðurlandi með eldri vélasamstæðu, sem því miður er orðin æði gömul og því dýr í rekstri. Í öðrum landshlutum hefur í vaxandi mæli verið hörpuð mól í vegi, og er það ódýrari framkvæmd, en gæði efnisins eru þó ekki sambærileg við mulinn ofaniburð. Væri mjög æskilegt að geta aukið þessa starfsemi til muna, en hún er æði kostnaðarsöm. Þó er ávinningurinn fyrir vegfarendur mjög mikill.

Annar stærsti kostnaðarliðurinn undir þessum lið er viðhald brúa, og hefur kostnaður við það farið vaxandi síðustu árin. Veldur þar mestu, að margar elztu brýrnar á aðalleiðunum þola illa umferð hinna þungu ökutækja, og hefur því orðið að grípa til þess ráðs að setja á sumar þeirra bráðabirgðagólf úr timbri. Þá er einnig vaxandi viðhald á varnargörðum við margar þeirra brúa, sem byggðar hafa verið á síðustu áratugum yfir jökulvötn, sem falla um breiða aura.

Þriðji stærsti kostnaðarliðurinn á þessum lið er rykbinding vega, en sökum kostnaðar hefur aðeins verið unnt að framkvæma þetta á allra fjölförnustu vegunum.

Þá er á þessum lið greiddur kostnaður við merkingar akreina á hraðbrautum með varanlegu slitlagi, eins og á Hafnarfjarðarvegi og Reykjanesbraut, og er af þessu töluverður kostnaður, þar sem merkingar þessar endast sjaldan lengur en árið. Einnig er nokkur kostnaður við rekstur götulýsinga á Hafnarfjarðarvegi og Reykjanesbraut í Njarðvíkum, sem einnig greiðist af þessum lið.

Að lokum er á þessum lið talinn kostnaður við ýmsar merkingar, eins og á mjóum ræsum og hættulegum stöðum, sem ekki er hægt að flokka beint undir vegmerkingar samkvæmt umferðarlögum. Nokkur kostnaður er við þessar merkingar, sem þó eru mjög nauðsynlegar, þar sem þær eyðileggjast að jafnaði að verulegu leyti í vetrarumferð.

2.2.2 Vegmerkingar samkvæmt umferðarlögum.

Fjárveiting á þessum lið er 25% hærri en í síðustu vegáætlun, og er sú hækkun gerð með tilliti til þess, að mestur hlutinn af kostnaði við uppsetningu umferðarmerkja, samkvæmt reglugerð nr. 61/1959, er erlendur efniskostnaður. Með þessari hækkun á fjárveitingu frá fyrri vegáætlun er áætlað, að hægt verði að halda áfram uppsetningu umferðarmerkja á þessu næsta vegáætlunartímabili með svipuðum hraða og á síðasta vegáætlunartímabili.

Í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar árið 1968 er frá því skýrt, að enn er eftir að merkja samkvæmt umferðarlögum um 44% af þjóðvegakerfinu, og er mjög vafasamt, að því verki verði lokið á næsta vegáætlunartímabili.

2.2.3 Tryggingagjöld og orlof.

Atvinnuleysistryggingagjald er lögbundið og er miðað við dagsverkafjölda næsta árs á undan innheimtuári. Miðað við reynslu undanfarinna ára nemur gjald þetta 0.17% af framkvæmdakostnaði.

Slysatryggingagjald er einnig lögbundið og innheimtist á sama hátt og atvinnuleysistryggingagjald, og nemur það nú 0.47% af framkvæmdakostnaði.

Orlof er miðað við 7% af útgreiddum vinnulaunum, og miðað við reynslu undanfarinna ára nemur það að meðaltali 2.45% af framkvæmdakostnaði.

2.3. Til nýrra þjóðvega.

2.3.1 Til hraðbrauta:

Svo sem nánar greinir í kafla 3, lengjast þjóðvegir í hraðbrautaflokkum úr 148.5 km í 334.4 km samkv. ákvæðum 12. gr. vegalaga. Í kafla 3.2.1 er nánar greint, hvaða þjóðvegir lenda í þessum vegaflokkum, en yfirlit um skiptingu þeirra og ástand er að finna á fylgiskjali 3.0—02.

Samkv. framansögðu verða þjóðvegir í hraðbrautaflokkum á næsta vegáætlunartímabili 334.4 km eða eða um 3.8% af öllum þjóðvegum. Í árslok 1968 voru 37.5 km eða 11% af þessum hraðbrautum taldar fullgerðar sem slíkar. Er það Reykjanesbraut frá Engidal við Hafnarfjörð til Keflavíkur. Þó að ekki hafi verið lokið lagningu fleiri hraðbrauta en Reykjanesbrautar, hefur þó verið byrjað á lagningu nokkurra annarra hraðbrauta, eins og Reykjanesbrautar í Breiðholti um Blesugróf, Suðurlandsvegur frá Svínahrauni að Sandskeiði og síðast Vesturlandsvegur austan við Elliðaár, en þar voru hafnar framkvæmdir á s. l. hausti. Hefur verið samið um það verk við Íslenzka aðalverktaka, sem einnig lána fé til verksins samkv. heimild í síðustu vegáætlun. Nær samningur þessi til um 1 km kafla.

Svo sem nánar er greint í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar árið 1968, hefur Vegagerð ríkisins á undanförunum þremur árum unnið mikið við undirbúning hraðbrautaframkvæmda. Var þar og greint frá því, að á s. l. ári var samið við verkfræðifyrirtækið Kampsax um heildarathugun á samgöngumálum landsins, og var það gert með hugsanlega lántöku hjá Alþjóðabankanum fyrir augum, svo sem nánar greinir í téðri skýrslu. Mun niðurstaða þessarar samgöngumálaathugunar liggja fyrir innan skamms. Þar sem fjárveiting til hraðbrauta á síðasta vegáætlunartímabili nam ekki nema 40 millj. kr., hefur mestur hluti framkvæmda í hraðbrautum verið unninn fyrir lánsfé, og voru föst framkvæmdalán til einstakra hraðbrauta í árslok 1968, eins og hér segir:

1. Reykjanesbraut (Engidalur—Keflavík).....	362.2 millj. kr.
2. Reykjanesbraut (um Breiðholt)	10.7 " "
3. Þrengslavegur (Austurvegur)	4.4 " "

Samtals 377.3 millj. kr.

Greiðslur vaxta og afborgana af framangreindum lánunum til hraðbrauta munu á næsta vegáætlunartímabili verða, eins og hér segir:

Árið 1969	60.5 millj. kr.
Árið 1970	53.5 millj. kr.
Árið 1971	51.8 millj. kr.
Árið 1972	50.2 millj. kr.

Tekjur af umferðargjaldi á Reykjanesbraut eru áætlaðar 15 millj. kr. nettó á árinu 1969, og er áætlað, að þær hækki um 1 millj. kr. á ári næstu 4 ár. Hrekkur því umferðargjaldið skammt til greiðslu vaxta og afborgana af föstum lánunum, sem hvíla á Reykjanesbraut.

Fjárveiting til hraðbrautaframkvæmda er ráðgerð 50 millj. kr. á árinu 1969, en þessi fjárveiting hækkar í 125 millj. kr. á árinu 1972, og verða því heildarfjárveitingar til hraðbrauta á vegáætlunartímabilinu 360 millj. kr. Greiðslur vaxta og afborgana af föstum lánunum nema hins vegar 226 millj. kr. á áætlunartímabilinu, en tekjur af umferðargjaldi 66 millj. kr. Bundnar greiðslur umfram tekjur af umferðargjaldi nema því 160 millj. kr. Ef inna ætti þessar bundnu greiðslur af fjárveitingum til hrað-

brautaframkvæmda af hendi á áætlunartímabilinu, yrði að mjög litlu leyti hægt að leysa þau brýnu verkefni, sem fyrir hendi eru um lagningu hraðbrauta.

Af þessum sökum er hér gert ráð fyrir, að af fjárveitingu til hraðbrauta gangi aðeins 6.8 millj. kr. árlega til greiðslu vaxta og afborgana af föstum lánnum, og er það sama upphæð og varið var til slíkra greiðslna í síðustu vegáætlun. Það, sem á vantar til greiðslu vaxta og afborgana af föstum lánnum, að frádregnum tekjum af umferðargjaldi á Reykjanesbraut, verði greitt af ríkissjóði.

2.3.2 Til þjóðbrauta:

Svo sem greinir í kafla 3, styttest þjóðbrautir úr 2949.7 km í 2756.3 km eða alls um 193.4 km. Mestur hluti þessarar styttingar á þjóðbrautum stafar af því, að 185.9 km af vegum í þjóðbrautaflokkki samkvæmt fyrri vegáætlun fara nú í hraðbrautaflokk. Stytting þjóðbrauta umfram tilfærslu í hraðbrautaflokk stafar af því, að hluti af Grundarfjarðarvegi er nú felldur úr þjóðbrautaflokkki, en Helgafellssveitarvegur tekinn í þjóðbrautaflokk í staðinn. Heildaryfirlit yfir skiptingu þjóðbrauta eftir kjörðæmum og ástand þeirra er að finna á fskj. 3.0—03.

Á síðasta vegáætlunartímabili hefur verið unnið að verulegum framkvæmdum við þjóðbrautir fyrir lánsfé. Á eftirfarandi yfirliti eru tilgreind föst lán í árslok 1968 á einstökum þjóðbrautum og vextir og afborganir þeirra lána á næsta vegáætlunartímabili, talið í millj. kr.

Þjóðbrautir	Eftirst. lána pr. 31/12 1968	Afb. og vextir 1969	Afb. og vextir 1970	Afb. og vextir 1971	Afb. og vextir 1972
1. Ólafsvíkurvegur	4.0	1.1	1.0	1.0	0.9
2. Vestfjarðavegur					
a. Sunnan Þingmannah. ..	14.2	1.0	1.1	1.3	1.6
b. Breiðadalshéiði	29.8	2.0	2.5	3.4	4.2
3. Siglufjarðarvegur	46.6	9.9	9.4	9.0	8.6
4. Ólafsfjarðarvegur	8.1	1.8	1.8	1.7	1.6
5. Austurlandsvegur	1.5	0.2	0.2	0.2	0.2
6. Suðurfjarðavegur	6.0	1.2	1.1	1.1	1.0
	110.2	17.2	17.1	17.7	18.1

Auk framangreindra fastra lána höfðu í árslok 1968 verið tekin bráðabirgðalán til þjóðbrauta að upphæð tæpar 1.9 millj. kr., svo sem nánar greinir í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1968. Er þar aðallega um að ræða bráðabirgðalán til Þingeyjarsýslubrautar samkv. sérstakri heimild í vegáætlun.

Á ofangreindu yfirliti yfir föst lán til þjóðbrautaframkvæmda, nema þau alls um 110 millj. kr., en vextir og afborganir af þeim á áætlunartímabilinu um 70 millj. kr. Þó að lán til Siglufjarðarvegur sé tæpur helmingur hinna föstu lána, nema vextir og afborganir af því láni um 36.9 millj. kr. á áætlunartímabilinu eða liðlega helmingi allra vaxta og afborgana af þjóðbrautalánnum. Stafar þetta af því, að lán til Vestfjarðavegar samkv. Vestfjarðaáætlun eru erlend lán, sem eru afborganalaus fyrstu 5 árin, og koma því afborganir af þeim lánnum ekki með fullum þunga inn á áætlunartímabilinu.

Fjárveitingar til þjóðbrauta á áætlunartímabilinu eru alls 120 millj. kr. Afborganir og vextir nema hins vegar um 70 millj. kr. á þessu tímabili eða liðlega helmingi allra fjárveitinga. Með þessum miklu bundnu greiðslum yrði erfitt að leysa ýmis aðkallandi verkefni við lagningu þjóðbrauta á áætlunartímabilinu. Af þessum sökum er gert ráð fyrir, að ríkissjóður sjái um greiðslur vaxta og afborgana af föstum lánnum til Siglufjarðarvegur á árunum 1970—1972, og lækka greiðslur vaxta og afborgana við það um 27.0 millj. kr. Við það verða fastar bundnar greiðslur af þjóðbrautaframkvæmdum 43.1 millj. kr. eða liðlega þriðji partur af fjárveitingum.

Á framangreindu yfirliti eru föst lán vegna þjóðbrauta talin 1.1 millj. kr. hærri en í skýrslu um framkvæmdir vegáætlunar 1968. Stafar þessi mismunur af því, að í þeirri skýrslu var um 1.1 millj. kr. lán samkvæmt Vestfjarðaáætlun til Flateyrar-

vegur talið með landsbrautum, en er hér talið með þjóðbrautum, vegna þess að nær engar fjárveitingar voru í síðustu vegáætlun til Flateyrarvegur, og hafa því vextir af lánum til þess vegar verið taldir með kostnaði við Vestfjarðaveg á Breiðadalsheiði.

Að lokum skal það tekið fram, að á árunum 1966 og 1967 var mikill hluti Skeiða- og Gnúpverjavega endurbyggður vegna framkvæmda Landsvirkjunar við virkjun Þjórsár við Búrfell. Nam endurbyggingarkostnaður við Skeiðaveg um 8 millj. kr., en við Gnúpverjaveg liðlega 16 millj. kr. Hefur Landsvirkjun verið heitið því, að helmingur endurbyggingarkostnaðar þessara vega skyldi endurgreiddur á næstu tveim vegáætlunartímabilum.

2.3.3 Til landsbrauta:

Svo sem nánar greinir í kafla 3, styttest landsbrautir úr 6303.3 km í 5621.0 km eða alls um 682.3 km. Af þessari styttingu landsbrauta fara 430.1 km í tölu sýsluvega samkv. ákvæðum 12. gr. vegalaga, svo sem nánar er vikið að í kafla 2.6. 252.2 km fara alveg úr tölu þjóðvega, og er mestur hluti þess vegir í eyðibýggðum, svo sem nánar er greint í kafla 3. Yfirlit yfir breytingar á landsbrautum, flokkun þeirra eftir kjördæmum og ástand er nánar sýnt á fskj. 3.0—04.

Föst lán vegna framkvæmda í landsbrautum í árslok 1968 og vextir og afborganir þessara lána á áætlunartímabilinu eru sýnd á eftirfarandi yfirliti, talið í millj. króna.

Landsbrautir	Eftirst. lána pr. 31/12 1968	Afb. og vextir 1969	Afb. og vextir 1970	Afb. og vextir 1971	Afb. og vextir 1972
1. Heydalsvegur	2.7	0.5	0.4	0.4	0.4
2. Vestfjarðaráætlun:					
a. Flugvallarv. Patreksf. ...	1.5	0.1	0.2	0.2	0.2
b. Bíldudalsvegur	7.4	0.5	0.8	1.1	1.1
c. Flugvallarvegur Ísaf. ...	6.8	0.4	0.6	0.9	1.0
d. Bolungavíkurvegur	9.9	0.7	1.6	1.2	1.6
e. Súgandafjarðarvegur ...	4.5	0.3	0.3	0.3	0.5
	32.8	2.5	3.9	4.1	4.8

Auk ofangreindra fastra lána höfðu í árslok 1968 verið tekin bráðabirgðalán til landsbrauta að upphæð 2.5 millj. kr., eins og greint er frá í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1968. Röskur þriðjungur þessara lána er vegna Strandavegar, og voru þau á sínum tíma tekin til þess að koma Árneshreppi í vegasamband. Önnur lán eru flest smá og dreifast á marga vegi.

Föst lán vegna landsbrauta eru hér talin 32.8 millj. kr., og er það um 1.1 millj. kr. lægri upphæð en greint er frá í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1968, og stafar það af því, að lán til Flateyrarvegur er ekki talið hér með, sbr. athugasemd í kafla 2.3.2.

Fjárveiting til landsbrauta á áætlunartímabilinu er 94.3 millj. kr., en greiðslur vaxta og afborgana af föstum lánum 15.3 millj. kr. Þar sem gert er ráð fyrir, að vegafarmkvæmdum samkvæmt Vestfjarðaáætlun verði haldið áfram á þessu ári að verulegu leyti fyrir lánsfé, munu greiðslur vaxta og afborgana af lánum á árunum 1970—'72 hækka, sem hinum nýju lánum nemur.

2.3.4 Til girðinga og uppgræðslu:

Sérstök fjárveiting á þessum lið var tekin upp við endurskoðun á vegáætlun fyrir árin 1967 og 1968. Er fjárveiting þessi nokkuð hærri en í seinustu vegáætlun,

og er það gert með tilliti til aukins tilkostnaðar vegna verðhækkana, en þó fyrst og fremst til þess að mæta hinum mjög auknu kröfum, sem lagðar eru á veghaldara með girðingalögum frá 1965. Er þessi fjárveiting eingöngu ætluð til þess að mæta kröfum um girðingar og ristarlið á vegum, sem búið er að leggja og engin fjárveiting er til. Mun taka nokkur ár að sinna öllum lögmætum kröfum í þessu efni, jafnvel þó meirihluti þessarar fjárveitingar fari til girðinga, svo sem verið hefur undanfarin ár.

Þá var nokkur hluti þessarar fjárveitingar ætlaður til uppgræðslu meðfram vegum, sem þegar hafa verið lagðir, og er það gert samkv. ákvæði 59. gr. vegalaga og einnig samkv. ákvæðum í jarðræktarlögum, um að veghaldara sé skylt að græða upp jarðrask vegna vegagerðar. Hefur þegar áunnizt nokkuð við uppgræðslu meðfram vegum undanfarin tvö ár, svo sem nánar er greint í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1967 og 1968.

2.3.5 Tryggingagjöld og orlof:

Gjöld samkv. þessum lið eru lögbundin og eru reiknuð á sama grundvelli og nánar greinir í kafla 2.2.3.

2.4. Til fjallvega o. fl.:

2.4.1 Til aðalfjallvega:

Samkvæmt kafla 3.3 eru aðalfjallvegir taldir 824 km, og eru þeir óbreyttir frá seinustu vegáætlun.

Fjárveiting til þeirra á árinu 1969 er 1.0 millj. kr., en hækkar síðan í 1.1 millj. kr. seinustu 3 ár áætlunartímabilsins. Æskilegt væri að veita meira fé til þessara vegna, þar sem búast má við mjög aukinni umferð, sérstaklega um Sprengisandsleið, vegna hinnar nýju brúar á Tungnaá hjá Sigöldu, sem byggð var á vegum Landsvirkjunar á s.l. ári.

2.4.2 Til annarra fjallvega:

Engin tæmandi skýrsla liggur fyrir um lengd annarra fjallvega, þar sem þar er í fjölda tilvika um að ræða slóðir úr einstökum hreppum inn á afrétti vegna smalamennsku. Hafa fjárveitingar til fjallvega dreifzt í æðimarga staði á undanförunum árum, svo sem nánar greinir í skýrslu um framkvæmd vegáætlana.

Vegna þess hve mjög hefur verið sótt eftir styrkjum til ýmissa fjallvega á undanförunum árum, er hér gert ráð fyrir nokkuð hækkaðri fjárveitingu til þeirra frá síðustu vegáætlun.

2.4.3 Til reiðvega:

Engin tæmandi skýrsla liggur fyrir um lengd þeirra reiðvega, sem styrktir hafa verið með fjárveitingum á þessum lið á undanförunu vegáætlunartímabili. Hefur stjórn Landssambands hestamanna úthlutað þessu fé, svo sem nánar greinir í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar.

Hér er gert ráð fyrir óbreyttri fjárveitingu til lagfæringar á reiðvegum, þar sem mjög æskilegt verður að teljast að lagfæra slíka vegi, sérstaklega næst þéttbýlinu, þar sem með því móti verður unnt að aðskilja umferð ríðandi manna og bifreiða, sem enga samleið eiga á fjölförnum þjóðvegum.

2.4.4 Tryggingagjöld og orlof:

Þessi lögboðnu gjöld eru reiknuð á sama hátt og greinir í kafla 2.2.3.

Verðgrundvöllur fyrir kafla 2.3 og 2.4:

Um framkvæmdir við nýbyggingu þjóðvega samkv. kafla 2.3 og 2.4 skal það tekið fram, að vísitala vegagerðarkostnaðar í ágúst 1968 var 615. Miðað við þær forsendur um verðbreytingar á áætlunartímabilinu, sem nánar er greint frá í kafla 2.2, mun vísitala vegagerðarkostnaðar samkvæmt þeim forsendum hækka úr 615 í 737 eða um tæp 20%.

Fyrir áætlunartímabilið er gert ráð fyrir eftirfarandi vísitölu nýbyggingarkostnaðar vega:

Árið 1969	737
Árið 1970	781
Árið 1971	822
Árið 1972	822

2.5. Til brúagerða.

2.5.1 Til brúa 10 m og lengri:

Að þessu sinni þykir ekki ástæða til að skipta fjárveitingum til brúagerða í stórbrýr og brýr 10 m og lengri, eins og var í síðustu vegáætlun, þar sem mörkin milli þessara brúaflokka eru orðin æði óljós, eftir að farið var að byggja brýr á hinum fjölfarnari vegum með tveimur akreinum. Er því hér gerð tillaga um óskipta fjárveitingu til brúa 10 m og lengri.

Lagt er til, að fjárveiting þessum lið verði alls 149.2 millj. kr. á áætlunartímabilinu og þar af 34 millj. kr. á árinu 1969. Af fjárveitingu þessa árs munu um 5 millj. kr. fara til greiðslu á lánsfé vegna brúagerðakostnaðar á síðasta vegáætlunartímabili, eins og brúar á Hólsá í Bolungavík, Langárbrúar hjá Ísafirði, Fljótsvegar í Rangárvallasýslu og fleiri, eins og nánar er rakið í skýrslum um framkvæmd vegáætlunar undanfarin ár.

Kostnaðaráætlunir fyrir brýr eru í þessari áætlun byggðar á sömu forsendum og nánar greinir í kafla 2.2. Samkvæmt því hækkar brúagerðakostnaður í ár úr 804 stigum 1968 í 1020 stig 1969. Verður vísitala brúagerðarkostnaðar, á næsta áætlunartímabili samkvæmt ofangreindum forsendum, eins og hér segir:

Árið 1969	1020
Árið 1970	1045
Árið 1971	1070
Árið 1972	1070

Á fskj. 3.0—07 er sýnt yfirlit yfir óbrúaðar ár á þjóðvegum í byrjun síðasta vegáætlunartímabils, í lok þess og í byrjun þessa vegáætlunartímabils, en þá er miðað við flokkun þjóðvega samkvæmt kafla 3. Í síðasta dálkinum kemur fram, að óbrúuðum ám á þjóðvegum fækkar vegna tilfærslu landsbrauta í flokk sýsluvega.

Á fskj. 3.0—08 er á sama hátt sýnt yfirlit yfir óbrúaðar ár á sýsluvegum, en þeim fjölgar við hina nýju flokkun, að sama skapi sem ám á þjóðvegum fækkar.

Á fskj. 3.0—09 er sýnt yfirlit yfir aldursskiptingu brúa 10 m og lengri, og nær sú aldursskipting bæði til brúa á þjóðvegum og sýsluvegum. Samkvæmt yfirlitinu er nú engin brú í notkun, sem byggð var fyrir aldamót. Hins vegar eru enn í notkun 38 brýr, sem byggðar voru á tímabilinu 1900—1919.

Allt fram yfir 1930 voru brýr byggðar 3 m breiðar að utanmáli og 2.5—2.6 m innan bríka, og er augljóst mál, hvaða vandkvæði fylgja akstri bifreiða, sem eru 2.35—2.5 m á breidd, yfir slíkar brýr.

2.5.2 Til smábrúa:

Yfirlit yfir óbrúaðar ár, þar sem gert er ráð fyrir smábrúm, er sýnt á fskj. 3.0—07 og 08.

Lagt er til, að fjárveitingar til smábrúa á áætlunartímabilinu nemi alls 27.1 millj. kr. Með þessari fjárveitingu ætti að verða unnt að byggja um 54 smábrýr á áætlunartímabilinu, miðað við verðlag 1969, eða um 40% af þeim ám á þjóðvegum og sýsluvegum, sem brúa þarf með smábrúm. Í raun yrði þó ekki hægt að byggja svo margar nýjar smábrýr, þar sem æðimargar gamlar smábrýr munu þarfnast endurbyggingar.

2.5.3 Tryggingagjöld og orlof:

Þessi lögboðnu gjöld eru reiknuð á sömu forsendum og greint er í kafla 2.2.3.

2.6 Til sýsluvegasjóða.

Tekjur sýsluvegasjóða samkv. 21 og 23. gr. vegalaga á árinu 1968 eru áætlaðar um 7.4 millj. kr., eins og sýnt er á fskj. 2.6—01, en endanleg reikningsskil um sjóðina liggja ekki enn fyrir. Samkv. 28. gr. vegalaga á því framlag vegasjóðs til sýsluvegasjóðanna á árinu 1969 að vera minnst 15.8 millj. kr.

Við endurskoðun á vegáætlun fyrir árin 1967 og 1968 voru tekjur sýsluvegasjóðanna samkv. 21. og 23. gr. vegalaga áætlaðar 6.65 millj. kr. fyrir árið 1967 og framlag vegasjóðs samkvæmt því ákveðið 13.3 millj. kr. fyrir árið 1968. Þegar endanleg reikningsskil sýsluvegasjóðanna fyrir árið 1967 lágu fyrir á miðju ári 1968 kom fram, að innheimtar tekjur höfðu orðið nokkru meiri en áætlað var eða tæpar 7.3 millj. kr. Samkvæmt því hefði framlag vegasjóðs árið 1968 átt að vera tæpar 14.6 millj. kr. í samræmi við 28. gr. vegalaga. Til þess að bæta upp þennan tekjumissi sýsluvegasjóðanna á árinu 1968 er bætt 1.3 millj. kr. við áætlað lágmarksframlag vegasjóðs til sýsluvegasjóðanna á árinu 1969, eins og að framan greinir.

Tekjuáætlun sýsluvegasjóðanna samkv. 21. gr. vegalaga fyrir næstu 4 ár er miðuð við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. des. 1968, sem var kr. 53.83 á klst. Árleg aukning á þeim tekjum er miðuð við, að fólksfjölgun í sýslunum verði 0.5% á ári næstu 4 ár, og er það nokkru minni árleg fólksfjölgun en reiknað var með í seinustu vegáætlun. Tekjur samkv. 23. gr. eru áætlaðar óbreyttar, frá því sem þær voru 1968.

Samkvæmt framangreindum forsendum verða tekjur sýsluvegasjóðanna samkv. 21. og 23. gr. vegalaga, svo og framlag vegasjóðs til þeirra, eins og hér segir (í þús. kr.):

	Tekjur skv. 21. og 26. gr.	Tekjur skv. 23. gr.	Heimafram- lag alls	Framlag vegasjóðs	Heildar- tekjur
1969	8 239	502	8 741	17 100	25 841
1970	8 280	502	8 782	17 500	26 282
1971	8 321	502	8 823	17 600	26 423
1972	8 363	502	8 865	17 700	26 565

Samkvæmt þessari áætlun verða heildartekjur sýsluvegasjóðanna á árinu 1969 25.8 millj. kr., og er það 4.6 millj. kr. hærri upphæð en áætlaðar heildartekjur þeirra á árinu 1968. Nemur aukningin því um 21.7%.

Við skiptingu á framlagi vegasjóðs til einstakra sýsluvegasjóða samkv. reglugerð nr. 62/1964, sem gefin var út í samræmi við 28. gr. vegalaga, voru sýsluvegir samkvæmt gildandi samþykktum sýsluvegasjóða það ár alls 1962 km. Á undanförunum fjórum árum hefur nokkuð bætt við af sýsluvegum í einstökum sýslum, og í árslok 1968 var heildarlengd sýsluvega samkvæmt gildandi samþykktum 2141.7 km, eins og sýnt er á fskj. 3.0—06.

Í vegalögum nr. 71/1963 er bráðabirgðaákvæði þess efnis, að enginn vegur skuli falla úr tölu þjóðvega næstu 5 ár eftir gildistöku laganna, nema nýr vegur hafi komið í stað gamals. Samkvæmt þessu ákvæði hefur verið í tölu þjóðvega allmikið af vegum, sem ekki uppfylla skilyrði 12. gr. vegalaga um þjóðvegi, en ættu annað hvort að falla alveg niður, þar sem um er að ræða vegi í eyðibýggðum, eða fara í sýsluvega-tölu. Við það, að þetta bráðabirgðaákvæði vegalaga fellur úr gildi, munu bætast í tölu sýsluvega alls 430.1 km, og yrði þá heildarlengd sýsluvega næsta vegáætlun-artímabil 2571.8 km, eins og sýnt er á fskj. 3.0—06. Er hér um að ræða um 20% lengingu sýsluveganna eða aðeins minni aukningu en nemur áætlaðri tekjuaukningu sýsluvegasjóðanna í heild á yfirstandandi ári miðað við s. l. ár.

Athugandi er þó í þessu sambandi, að í heildarlengd sýsluveganna eru taldir með allmargir sýsluvegir að eyðibýlum, sem nytjuð eru að meira eða minna leyti frá nærliggjandi býlum. Einnig er verulegur hluti af þeim nýju vegum, sem nú koma í sýsluvegatölu, uppbyggðir vegir, sem ekki munu útheimta verulegt framlag til nýbygginga. Verður því útgjaldaaukning sýsluvegasjóðanna ekki í beinu hlutfalli við lenginguna.

2.7. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum.

Samkv. 32. gr. vegalaga skal framlag til þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum vera 12½% af heildartekjum vegasjóðs. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 7/1968 um breytingu á vegalögum nr. 71/1963, er ráðherra heimilt að undanskilja það af tekjum vegasjóðs, sem varið er til hraðbrautaframkvæmda við ákvörðun á framlagi til vega í kaupstöðum og kauptúnum.

Ákveðið er að nota téða heimild, og samkvæmt því verður heildarframlag samkv. 32. gr., 10% frádráttur samkv. 34. gr. og framlag til skipta samkvæmt íbúatölu, svo sem hér segir:

	(Millj. kr.)			
	1969	1970	1971	1972
Áætlaðar heildartekjur vegasjóðs	482.9	510.5	551.1	591.5
— Framlag til hraðbrauta	50.0	85.0	100.0	125.0
	432.9	425.5	451.1	466.5
Þar af 12.5% samkv. 32. gr. vegalaga	54.1	53.2	56.4	58.3
— 10% samkv. 34. gr.	5.4	5.3	5.6	5.8
Til skipta	48.7	47.9	50.8	52.5
Áætluð íbúatala	168.593	170.279	171.982	173.702
Áætluð upphæð á íbúa í kr.	288.86	281.30	295.38	302.24

Íbúar í kaupstöðum og kauptúnum með yfir 300 íbúa voru 1. des. s. l. 168 593 samkv. bráðabirgðamanntali Hagstofunnar frá 5. febr. Við áætlun á íbúafjölda þessara staða næstu 4 ár, er gert ráð fyrir, að þeim fjölgi um 1% á ári.

Miðað við bráðabirgðamanntal Hagstofunnar frá 5. febrúar s. l., má gera ráð fyrir, að þjóðvegir í þéttbýli samkvæmt ofangreindri reglugerð falli niður á Hofsósi og í Hrísey á þessu vegáætlunartímabili, þar sem íbúafjöldi á báðum þessum stöðum var nokkuð innan við 300 manns. Hins vegar munu bætast við 3 ný kauptún, þ. e. Álafosshverfi í Mosfellssveit, Gerðar í Garði og Hella í Rangárvallasýslu, en íbúafjöldi í öllum þessum kauptúnum er kominn yfir 300.

Samkvæmt reglugerð nr. 44/1965 um þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum, var heildarlengd þeirra um s. l. áramót 95.3 km, eins og sýnt er á meðfylgjandi fskj. 3.0—05.

Lenging um 1.4 km á heildarlengd þjóðvega í þéttbýli frá 1. jan. 1965 stafar af breytingu á reglugerð og nákvæmari upplýsingum um lengd einstakra vega en þá voru fyrir hendi.

Lengingin á vegum með varanlegu slitlagi um tæpa 6 km á áætlunartímabilinu gefur ekki rétta hugmynd um það, sem gert hefur verið, þar sem mest af þéttbýlisfé hefur farið til undirbyggingar og undirbúningsframkvæmda undir varanlegt slitlag.

2.8. Til vélakaupa og áhaldahúsa.

2.8.1 Til véla-og verkfæraakaupa:

Í vegáætlun 1965--1968 voru fjárveitingar á þessum lið alls 47 millj. kr. Voru alls keyptar vélar og tæki fyrir um 67 millj. kr. á þessu tímabili, og hefur því verið varið um 20 millj. kr. af afskriftarfé véla til endurkaupa á nýjum vélum.

Á eftirfarandi yfirliti er sýndur fjöldi véla og meðalaldur þeirra í aðalvélaflökkunum í byrjun síðasta vegáætlunartímabils. Einnig er sýndur fjöldi nýrra véla, sem keyptar hafa verið í hinum einstöku flokkum, og fjöldi niðurlagðra véla á tímabilinu. Í síðustu dálkum er sýnd vélaeign 1. janúar 1969 og meðalaldur vélanna þá.

Vélaflökkur	Vélar á skrá 1. janúar 1965		Breytingar 1965--'68		Vélar á skrá 1. janúar 1969	
	Fjöldi	Meðalaldur	Keyptar	Niðurlagðar	Fjöldi	Meðalaldur
Jarðýtur	23	16.5	2	9	16	16.3
Vegheflar	41	10.5	16	6	51	9.5
Vél- og ýtuskóflur	44	13.5	16	19	41	9.7
Flutn.- og dráttarbífr.	25	9.0	8	8	25	6.6
Samtals	133	Meðaltal 12.2 ár	42	42	133	Meðaltal 9.8 ár

Á yfirliti þessu má sjá, að þótt keyptar hafi verið 42 nýjar vélar á tímabilinu, hafa verið lagðar niður jafnmargar eldri vélar, og meðalaldur þeirra hefur lækkað úr 12.2 í 9.8 ár.

Eins og sjá má á ofangreindu yfirliti, hefur undanfarin 4 ár verið lögð mest áherzla á að endurnýja þær gerðir véla, sem ekki er unnt að fá leigðar á frjálsum markaði, en það eru vegheflar og vélskóflur. Hefur Vegagerðin á undanförunum árum orðið að taka í notkun vaxandi fjölda leiguvéla, eins og jarðýtur og bifreiðar. Á árinu 1967 voru 76.6% af allri ýtuvinnu hjá Vegagerðinni framkvæmd með leiguvélum og 73.3% af öllum bifreiðaakstri. Af ýmsum ástæðum er þó mjög æskilegt, að Vegagerðin hafi yfir að ráða nokkrum vélakosti í þessum vélaflökkum.

Meðalendurnýjunarverð ofangreindra véla er um 2.5 millj. kr. á vél. Til þess að meðalaldur vinnuvéla í ofangreindum vélaflökkum hækki ekki umfram það, sem nú er, á næstu fjórum árum, þarf að endurnýja 53 vélar á áætlunartímabilinu. Kostnaðarverð þeirra véla er á núverandi verðlagi um 132 millj. kr.

Hér er þó ekki talið fært að fara fram á hærri fjárveitingu en 59 millj. kr. á áætlunartímabilinu, og mun sú fjárveiting að meðtöldu afskriftafé tæplega duga til þess að halda núverandi vélakosti í horfinu, enda er ekki gert ráð fyrir, að unnt verði að miða afskriftir við fullt endurnýjunarverð véla fyrr en á árinu 1972, eins og nánar er vikið að í kafla 2.2.

Þá hefur ekki þótt ástæða til þess að fara fram á sérstaka fjárveitingu til bókasafns verkamanna, sem var í síðustu vegáætlun, þar sem eðlilegt er talið, að kostnaður við endurnýjun og viðhald bókasafna í vinnuflokkum verði talinn með kostnaði við endurnýjun á öðrum viðleguútbúnaði vinnuflokka.

2.8.2 Til byggingar áhaldahúsa:

Hér er gert ráð fyrir alls 15 millj. kr. fjárveitingu á áætlunartímabilinu, og er hún fyrst og fremst ætluð til þess að byggja nýtt áhaldahús á Akureyri, en aðstaða þar er orðin mjög erfið, m. a. vegna þess að hermannaskáli, sem notaður var fyrir skrifstofur, brann fyrir tveimur árum, og er nú starfsemin á Akureyri þrískipt, ófullkomið vélaverkstæði á einum stað, skrifstofur á öðrum og geymslur fyrir vélar, verkfæri og efni á þeim þriðja.

Þar sem hækistöðin á Akureyri er aðalviðgerðaverkstæðið fyrir Norður- og Norðausturland, er óhjákvæmilegt að ráða bót á þessari aðstöðu.

Hefur verið fengin hentug þriggja hektara lóð ofan við Akureyri og hún girt og undirbúningsframkvæmdir hafnar við grunninn. Er áætlað, að hægt verði að byggja hús þetta í áföngum á áætlunartímabilinu.

Þá er einnig gert ráð fyrir að koma upp lítilli áhaldageymslu á Egilsstöðum, og hefur lóð þegar verið fengin. Einnig er áætlað að gera minniháttar umbætur í öðrum áhaldahúsum.

2.9. Til tilrauna í vegagerð.

Þessar fjárveitingar eru samkv. 96. gr. vegalaga, þ. e. ½% af heildartekjum hvert ár.

Er áætlað, að tilraunum við ýmsa þætti vegagerðar verði haldið áfram á þessu vegáætlunartímabili með svipuðu sniði og gert var á síðasta vegáætlunartímabili.

2.10. Til greiðslu halla á vegáætlun 1968.

Lokareikningsskilum um tekjur og gjöld vegasjóðs er enn ekki að fullu lokið. Eftir því sem næst verður komið, er áætlað, að halli á vegáætlun 1968 verði 31.8 millj. kr. eða um 3 millj. kr. hærrí en áætlað var í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1968.

Áætlað er, að halli á einstökum liðum vegáætlunar 1968 verði eins og hér segir:

1. Tekjur voru áætlaðar 451.0 millj. kr., en urðu 441.8 millj. kr.	Halli: 9.2 millj. kr.
2. Útgjöld við stjórn og undirbúning hækka um 1 millj. kr. vegna hækunar á vísitölu	— 1.0 — —
3. Útgjöld til vegaviðhalds voru áætluð 156.7 millj. kr., en verða 176.7 millj. kr.	— 20.0 — —
4. Hækkun vegna vega í kaupstöðum og kaupstúnum, sbr. skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1968	— 0.9 — —
5. Hækkun á tryggingagjöldum	— 0.7 — —

Samtals 31.8 millj. kr.

3. Um flokkun vega.

Í þessum tillögum eru þjóðvegirnir flokkaðir eftir 12. gr. vegalaga, þar sem 5 ár eru liðin frá gildistöku þeirra og þar með fallið úr gildi það bráðabirgðaákvæði, sem segir, að enginn vegur skuli falla úr þjóðvegatölu fyrstu 5 árin eftir gildistöku þeirra, nema annar komi í staðinn. Við það styttist þjóðvegakerfið nokkuð, þar sem allmargir vegir heim að einstaka bæjum eða um sveitir, sem að mestu eða öllu leyti eru komnar í eyði, voru í þjóðvegatölu.

Um leið og þessi flokkun var gerð, voru og felldir niður nokkrir ólagðir vegir, sem fyrirsjáanlegt var, að ekki hlytu fjárveitingar í náninni framtíð og því ekki tímaþætt að taka í þjóðvegatölu strax. Hér var aðallega um að ræða fyrirhugaðar tengingar á vegarendum, til þess ætlaðar að mynda hringvegi í framtíðinni, oft um óra-vegu og erfitt land.

Leitaði vegamálastjóri álits þingmannna allra kjördæma á breytingum þessum, og hlutu þær flestar stuðning þeirra.

Þar sem þjóðvegir samkv. þessari tillögu eru merktir eins og í síðustu veg-áætlun, má með samanburði sjá, hvaða vegir hafa fallið úr þjóðvegatölu. Þó þer þess að gæta, að á nokkrum stöðum hefur þótt eðlilegt að sameina vegi eða veg og álmu undir eitt heiti.

Í fylgiskjali 3.0—01 eru sýndar í töfluformi vegalengdir hraðbrauta, þjóðbrauta, landsbrauta og þjóðvega í þéttbýli, eins og þeir voru á síðasta áætlunartímabili og eins og þeir verða samkv. þessari tillögu. Eins og taflan ber með sér, er heildarstytting þjóðveganna um 690 km. Af þeim falla um 260 km alveg niður, en 430 km verða sýsluvegir lögum samkvæmt.

Auk þess sem þjóðvegir hafa stytzt eða verið felldir niður í þessari tillögu, hafa nokkrir vegarkaflar flutzt milli flokka. Þannig eru nú hraðbrautir taldar 334.4 km í stað 148.5. Á breytingu þessari stendur þannig, að við gerð vegáætlunar 1965—1968 voru ekki til nægilegar upplýsingar um umferð, til að hægt væri að ákveða lengd hraðbrauta samkv. 12. gr. vegalaganna. Voru þá eingöngu taldir hraðbrautir þeir vegir, sem upplýsingar voru fyrir hendi um, að féllu í þann flokk. Á síðasta áætlunartímabili var umferð talin á þeim vegum, sem til greina gátu komið, og mörk þeirra ákvörðuð, eins og fram kemur í upptalningunni í lok 3. kafla. Miðað er við, að umferð tvöfaldist á 10 árum, þannig að vegir, sem nú hafa 500 bifreiða umferð á dag yfir sumarmánuðina teljist hraðbrautir samkv. 12. gr. vegalaganna. Niðurstöður umferðartalninga 1967 og 1968 eru sýndar á fskj. 3.0—10 og 3.0—11.

Á fskj. 3.0—05 sést, að smávægilegar breytingar hafa orðið á lengd þjóðvega í þéttbýli. Að mestu leyti er þessi breyting fólgin í nánari ákvörðun á vegalengdum og mörkum milli þjóðvega og þéttbýlisvega en fyrir hendi var við gerð síðustu vegáætlunar. Enn fremur hafa orðið þær breytingar, að á Hofsósi og í Hrisey falla niður þjóðvegir í þéttbýli, þar sem íbúatala þessara kauptúna hefur lækkað niður fyrir 300, en á Hellu, Gerðum í Garði og í Álafosshverfi hafa bætzt við þjóðvegir í þéttbýli, þar sem íbúatala þessara staða er komin yfir 300, sbr. kafla 2.7. Á fylgiskjölum 3.0—02 til 3.0—08 er sýnt yfirlit yfir lengdir vega í hinum einstöku vegaflokkum, fjölda bæja, sem ekki hafa vegasamband og óbrúaðar ár, á þessu áætlunartímabili og því síðasta, og á fylgiskjali 3.0—09 er sýndur aldur brúa.

Þar sem landsbraut endar við bæ, er lengd hennar miðuð við vegamót heimreiðar, en hún telst sýsluvegur eða einkavegur eftir lengd.

Aðalfjallvegir (3.3) eru óbreyttir frá fyrri vegáætlun.

Yfirlit um þjóðvegi.

	Vegáætlun 1965—1968 1. janúar 1965					Skv. till. til þingsál. um vegáætlun 1969—1972				
	Ekki akfært km	Rutt og lagt ófullg. km		Varanl. slítl. km	Alls km	Ekki akfært km	Rutt og lagt ófullg. km		Varanl. slítl. km	Alls km
I. Hraðbrautir . .	36.0	91.9		20.6	148.5	9.3	286.5		38.6	334.4
% af I.	24.2	61.9		13.9	100	2.8	85.7		11.5	100
II. Þjóðbrautir . .	49.9	598.4	2312.6		2960.9	24.5	433.3	2298.5		2756.3
% af II.	1.7	20.2	78.1		100	0.9	15.7	83.4		100
III. Landsbrautir .	536.5	1896.0	3839.6		6272.1	268.4	1497.6	3855.0		5621.0
% af III.	8.6	30.2	61.2		100	4.7	26.7	68.6		100
IV. Þjóðv. í þéttb.			76.9	19.5	96.4			71.5	25.2	96.7
% af IV.			79.8	20.2	100			73.8	26.2	100
V. Samtals	622.4	2586.3	6229.1	40.1	9477.9	302.2	2217.4	6225.0	63.8	8808.4
% af V.	6.5	27.3	65.8	0.4	100	3.4	25.2	70.7	0.7	100

4. Framkvæmdir, sem verða ekki að öllu leyti greiddar af fé vegasjóðs á áætlunartímabilinu.

4.1 Svo sem fram kemur í kafla 2.3.1, verða fjárveitingar til hraðbrauta á áætlunartímabilinu alls 360 millj. kr. Af þeirri upphæð er áætlað, að um 28 millj. kr. gangi til greiðslu vaxta og afborgana af lánum vegna Reykjanesbrautar, og verða því til nýrra framkvæmda á tímabilinu um 332 millj. kr.

Áætlað er, að kostnaður við að fullgera Vesturlandsveg frá enda Miklubrautar og upp að Leirvogi og tengja hann við Þingvallaveg, ljúka lagningu Suðurlandsvegar frá Reykjavík að Selfossi og byggja nýja akbraut á Hafnarfjarðarvegi frá Kópavogi og að Engidal muni kosta röskar 1200 millj. kr. miðað við núverandi verðlag. Áætlað er þó, að með 700 millj. kr. lánsfé til viðbótar þeirri fjárveitingu, sem að ofan greinir, megi ljúka að mestu lagningu framaugreindra vega á áætlunartímabilinu með því að fresta byggingu dýrra umferðarmannvirkja við enda Miklubrautar.

Fylgiskjal 1—01.

Spá um tekjur vegasjóðs árin 1969—1972.

(Fjárhæðir í millj. króna.)

Tekjur af:	1969	1970	1971	1972
1. Benzínjaldi	332.9	344.1	370.1	397.5
2. Benzínþungaskatti	23.1	24.1	26.0	28.1
3. Dieselpungaskatti	107.0	114.7	121.4	127.9
4. Gúmmíjaldi	39.4	47.6	53.6	58.0
Brúttó tekjur	502.4	530.5	571.1	611.5
Endurgreiðslur af:				
5. Benzínjaldi	11.5	12.0	12.0	12.0
6. Þungaskatti	8.0	8.0	8.0	8.0
Nettó tekjur	482.9	510.5	551.1	591.5
Benzínsala (millj. ltr.)	71.3	73.7	79.3	85.1
Meðaleyðsla pr. benzínbifreið (ltr.)	1880	1853	1829	1808
% aukning benzínjalds	8.2	3.36	7.56	7.40
% aukning benzínþungaskatts	13.0	4.33	7.89	8.08
% aukning dieselpungaskatts		7.20	5.84	5.35
% aukning gúmmíjalds	23.9	20.81	12.61	8.21
% aukning á nettó tekjum	9.6	5.72	7.95	7.33

Fylgiskjal 1—02.

Tekjur vegasjóðs árin 1964—1968.

(Fjárhæðir í millj. króna.)

Tekjur af:	1964	1965	1966	1967	1968
1. Benzínjaldi	156.2	180.8	243.1	267.2	307.8
2. Þungaskatti	45.3	47.6	68.1	72.3	115.1
3. Gúmmíjaldi	7.8	10.3	12.1	11.3	31.8
Brúttó tekjur	209.3	238.7	323.3	350.8	454.7
Endurgreiðslur af:					
4. Benzínjaldi	9.3	14.7	15.7	17.1	10.0
5. Þungaskatti	0.0	0.5	2.0	1.5	4.0
Nettó tekjur	200.0	223.5	305.6	332.2	440.7
Benzínsala (millj. ltr.)	56.4	65.3	66.2	72.8	72.2
Meðaleyðsla pr. benzínbifreið (ltr.) ..	2.029.5	2.165.6	1.984.9	2.001.4	1.915.1
% aukning benzínjalds		15.7	34.5	9.9	15.2
% aukning þungaskatts		5.1	43.1	6.2	59.2
% aukning gúmmíjalds		32.1	17.5	-6.6	181.4
% aukning á nettó tekjum		11.8	36.7	8.7	32.7

Fylgiskjal 1—03.

Spá um bifreiðafjölda (1. júlí ár hvert).

Rauntölur


Ár	Fólks- bifreiðar	Mannfjöldi 1/7 (í þús.)	Fólksbifr. pr. 1000 íbúa	Almennings- bifreiðar	Vöru- bifreiðar	Bifreiðar alls
1962	17 785	182	97.7	373	6 235	24 393
1963	20 579	185	111.2	401	6 375	27 355
1964	23 785	189	125.8	412	6 377	30 574
1965	26 781	192	139.5	431	6 230	33 442
1966	30 425	195	156.0	456	6 238	37 119
1967	34 003	198	171.7	483	6 211	40 697

Spá

1968	36 259	202	179.5	495	6 000	42 754
1969	37 492	206	182.0	500	5 900	43 892
1970	39 710	209	190.0	510	5 950	46 170
1971	43 665	213	205.0	520	6 000	50 185
1972	47 740	217	220.0	530	6 100	54 370

Fylgiskjal 1—04.

Fólksbifreiðar pr. 1000 fbúa.



Fylgiskjal 1—05.

Spá um bifreiðafjölda árin 1969—1972. Skipting í þyngdarflokka og eftir gerð hreyfils.

1969

Þyngd tonn	Fólksbifreiðir		Almenningsbifreiðir		Vörubifreiðir		Bifreiðir alls	
	Benzín	Diesel	Benzín	Diesel	Benzín	Diesel	Benzín	Diesel
0.0—1.9	34 576	2 745	43	18	1 532	67	36 151	2 830
2.0—2.9	100	14	36	100	516	117	652	231
3.0—3.9	4	11	11	24	626	227	641	262
4.0—4.9		6	21	25	228	666	249	697
5.0—5.9		17	2	60	116	865	118	942
6.0—6.9		17	1	66	19	416	20	499
7.0—7.9		2	1	32	19	194	20	228
8.0—8.9				46	9	105	9	151
9.0—9.9				13	9	47	9	60
10.0 og yfir .				1	53	69	53	70
	34 680	2 812	115	385	3 127	2 773	37 922	5 970
							43 892	

1970

Þyngd tonn	Fólksbifreiðir		Almenningsbifreiðir		Vörubifreiðir		Bifreiðir alls	
	Benzín	Diesel	Benzín	Diesel	Benzín	Diesel	Benzín	Diesel
0.0—1.9	36 503	3 022	43	19	1 487	70	38 033	3 111
2.0—2.9	105	16	35	107	492	114	632	237
3.0—3.9	5	13	11	25	607	233	623	271
4.0—4.9		6	19	24	221	653	240	683
5.0—5.9		19	2	60	112	933	114	1 012
6.0—6.9		19	1	68	18	446	19	533
7.0—7.9		2	1	32	24	213	25	247
8.0—8.9				48	9	117	9	165
9.0—9.9				14	9	50	9	64
10.0 og yfir .				1	55	87	55	88
	36 613	3 097	112	398	3 034	2 916	39 759	6 411
							46 170	

1971

Þyngd tonn	Fólksbifreiðir		Almenningsbifreiðir		Vörubifreiðir		Bifreiðir alls	
	Benzín	Diesel	Benzín	Diesel	Benzín	Diesel	Benzín	Diesel
0.0—1.9	40 094	3 367	44	21	1 491	72	41 629	3 460
2.0—2.9	116	17	32	114	471	105	619	236
3.0—3.9	5	14	10	26	594	237	609	277
4.0—4.9		7	19	23	219	639	238	669
5.0—5.9		21	2	60	105	975	107	1 056
6.0—6.9		21	1	70	15	480	16	571
7.0—7.9		3	1	34	30	225	31	262
8.0—8.9				48	9	126	9	174
9.9—9.0				14	9	51	9	65
10.0—0.0				1	57	90	57	91
	40 215	3 450	109	411	3 000	3 000	43 324	6 861
							50 185	

1972

Þyngd tonn	Fólksbifreiðir		Almenningsbifreiðir		Vörubifreiðir		Bifreiðir alls	
	Benzín	Diesel	Benzín	Diesel	Benzín	Diesel	Benzín	Diesel
0.0—1.9	43 789	3 727	44	21	1 525	73	45 358	3 821
2.0—2.9	127	19	30	122	470	101	627	242
3.0—3.9	5	15	10	27	595	235	610	277
4.0—4.9		8	18	22	223	595	241	625
5.0—5.9		23	2	60	107	1 006	109	1 089
6.0—6.9		23	1	72	15	503	16	598
7.0—7.9		4	1	35	36	244	37	283
8.0—8.9				50	9	134	9	184
9.0—9.9				15	9	52	9	67
10.0—0.0					61	107	61	107
	43 921	3 819	106	424	3 050	3 050	47 077	7 293
							54 370	

Fylgiskjal 2.1.1—01.

**Launagreiðslur fastra starfsmanna 1969—1972 miðað við
launatöflu nr. 19 frá 1. desember 1968.**

Nafn launþega og starf	Launaf.	Starfs- aldur	1969 kr.	1970 kr.	1971 kr.	1972 kr.
Sigurður Jóhannss., vegamálastj.	27	hám.	320 076.00	320 076.00	320 076.00	320 076.00
Snæbjörn Jónasson, yfirverkfr.	25	hám.	290 700.00	290 700.00	290 700.00	290 700.00
Helgi Hallgrímss., deildarverkfr.	24	1/1 '58	277 044.00	277 044.00	277 044.00	277 044.00
Jón B. Jónsson, deildarverkfr.	24	1/2 '62	264 348.00	274 928.00	277 044.00	277 044.00
Sigfús Ó. Sigfússon, deildarverkfr.	24	1/1 '58	277 044.00	277 044.00	277 044.00	277 044.00
Eymundur Runólfss., umd.verkfr.	24	1/6 '65	264 348.00	264 348.00	264 348.00	264 348.00
Jón Rögnvaldsson, umd.verkfr.	24	1/2 '64	264 348.00	264 348.00	264 348.00	275 986.00
Guðmundur Arason, umd.verkfr.	24	1/10 '63	264 348.00	264 348.00	267 522.00	277 044.00
Steingrímur Ingvarss., verkfr.	23	1/7 '66	246 324.00	252 072.00	252 072.00	252 072.00
Einar Þorbjörnss., verkfr.	23	1/5 '65	252 072.00	252 072.00	252 072.00	252 072.00
Rögnvaldur Jónsson, verkfr.	23	1/2 '67	240 576.00	251 114.00	252 072.00	252 072.00
Einar H. Kristjánss., skrifstofustj.	23	hám.	264 348.00	264 348.00	264 348.00	264 348.00
Erlingur Dagsson, aðalbókari	20	hám.	229 680.00	229 680.00	229 680.00	229 680.00
Ástbjartur Sæmundss., aðalgjaldk.	19	hám.	219 264.00	219 264.00	219 264.00	219 264.00
Garðar Steinsen, aðalendursk.	17	hám.	200 208.00	200 208.00	200 208.00	200 208.00
Pálmi Vilhelmsson, endursk.	14	1/9 '57	175 324.00	179 508.00	179 508.00	179 508.00
Sigurgeir Falsson, endursk.	14	1/2 '58	173 232.00	178 985.00	179 508.00	179 508.00
Óli B. Jónsson, fulltrúi	14	hám.	179 508.00	179 508.00	179 508.00	179 508.00
Guðrún Karlsdóttir, bókari	11	1/10 '65	144 744.00	146 058.00	150 000.00	150 000.00
Vilborg Pálsdóttir, bókari	11	1/5 '62	150 000.00	153 616.00	155 424.00	155 424.00
Edda Erlendsdóttir, bókari	11	1/10 '64	146 058.00	150 000.00	150 000.00	151 356.00
Hákon Sigtryggsson, tæknifr.	20	hám.	229 680.00	229 680.00	229 680.00	229 680.00
Jakob Hálfánarson, tæknifr.	20	1/6 '62	219 264.00	225 340.00	229 680.00	229 680.00
Gunnar Kristjánss., yfirteiknari	13	hám.	173 232.00	173 232.00	173 232.00	173 232.00
Eirík Eylands, deildarstj.	19	hám.	219 264.00	219 264.00	219 264.00	219 264.00
Guðmundur Gunnarsson, birgðastj.	18	hám.	206 700.00	206 700.00	206 700.00	206 700.00
Kristján Jóhannss., gjaldkeri	12	hám.	166 968.00	166 968.00	166 968.00	166 968.00
Sigurbjörn Bjarnason, fulltrúi	14	hám.	179 508.00	179 508.00	179 508.00	179 508.00
Guðmundur Arason, gjaldkeri	12	hám.	166 968.00	166 968.00	166 968.00	166 968.00
Björn Jóhannsson, umd.verkstj.	18	hám.	206 700.00	206 700.00	206 700.00	206 700.00
Egill Jónsson, umd.verkstj.	18	hám.	206 700.00	206 700.00	206 700.00	206 700.00
Elís Jónsson, umd.verkstj.	18	hám.	206 700.00	206 700.00	206 700.00	206 700.00
Guðmundur Benediktsson, umd.verkstj.	18	hám.	206 700.00	206 700.00	206 700.00	206 700.00
Gísli Felixson, umd.verkstj.	18	hám.	206 700.00	206 700.00	206 700.00	206 700.00
Guðmundur B. Þorlákss., umd.verkstj.	18	hám.	206 700.00	206 700.00	206 700.00	206 700.00
Magnús Rögnvaldss., verkstjóri	14	hám.	179 508.00	179 508.00	179 508.00	179 508.00
Bragi Thoroddsen, verkstj.	14	hám.	179 508.00	179 508.00	179 508.00	179 508.00
Eysteinn Einarsson, verkstjóri	14	hám.	179 508.00	179 508.00	179 508.00	179 508.00
Brandur Stefánsson, verkstjóri	14	hám.	179 508.00	179 508.00	179 508.00	179 508.00
Ásgeir Kristmundsson, verkstjóri	14	hám.	179 508.00	179 508.00	179 508.00	179 508.00
Skúli Magnússon, verkstjóri	12	hám.	166 968.00	166 968.00	166 968.00	166 968.00
Helgi Gíslason, verkstjóri	12	hám.	166 968.00	166 968.00	166 968.00	166 968.00
Jón Sigurðsson, verkstjóri	12	hám.	166 968.00	166 968.00	166 968.00	166 968.00
Hans Christianson, vaktmaður	8	hám.	147 360.00	147 360.00	147 360.00	147 360.00
Jón Ágústsson, vaktmaður	8	1/1 '65	132 348.00	137 340.00	137 340.00	137 340.00
Sigdór Sigurðsson, vaktmaður	8	1/11 '65	132 348.00	133 180.00	137 340.00	137 340.00
Torfi Markússon, vaktmaður	8	1/7 '58	142 164.00	144 762.00	147 360.00	147 360.00
Ingvar Ívarsson, vaktmaður	8	1/3 '68	126 544.00	127 344.00	131 514.00	132 348.00
Verkfræðingur	23	1/1 '68	240 576.00	240 576.00	252 072.00	252 072.00
Skjalavörður	11	1/1 '68	134 904.00	139 656.00	139 656.00	139 656.00
Bókari	11	1/1 '68	134 904.00	139 656.00	139 656.00	139 656.00
Ritari	7	1/1 '68	118 860.00	125 496.00	125 496.00	125 496.00
Starfsmenn samtals 52			Samtals 10 353 830.00	10 430 943.00	10 470 228.00	10 493 578.00
Laun vaktmanna			680 764.00	689 986.00	700 914.00	701 748.00
Samtals			9 673 066.00	9 740 957.00	9 769 314.00	9 791 830.00

Fylgiskjal 2.1.1—02.

Áætlaðar launagreiðslur nýrra fastra starfsmanna 1969—1972.

Skv. launaskrá nr. 19.

Starf	Launafl.	Starfsaldur	1969 kr.	1970 kr.	1971 kr.	1972 kr.
Fulltrúi	22	Eftir 2 ár	229 680.00	240 576.00	240 576.00	240 576.00
Tæknifræðingur	20	Eftir 2 ár	201 048.00	209 448.00	209 448.00	219 264.00
Vegaeftirlitsmaður	14	Hám.	179 508.00	179 508.00	179 508.00	179 508.00
Verkstjóri	14	Hám.	179 508.00	179 508.00	179 508.00	179 508.00
Verkstjóri	12	Hám.	166 968.00	166 968.00	166 968.00	166 968.00
Bókari	12	Eftir 3 ár	150 000.00	150 000.00	155 424.00	155 424.00
Teiknari	12	Byrjunarlaun	139 656.00	144 744.00	144 744.00	150 000.00
Verkfræðingur	23	Eftir 1 ár		240 576.00	240 576.00	252 072.00
Tæknifræðingur	20	Byrjunarlaun		191 196.00	201 048.00	201 048.00
Verkstjóri	14	Hám.		179 508.00	179 508.00	179 508.00
Verkstjóri	12	Hám.		166 968.00	166 968.00	166 968.00
Vegaeftirlitsmaður	12	Hám.		166 968.00	166 968.00	166 968.00
Bókari	12	Byrjunarlaun		139 656.00	144 744.00	144 744.00
Tæknifræðingur	20	Byrjunarlaun			191 196.00	201 048.00
Verkstjóri	14	Hám.			179 508.00	179 508.00
Verkstjóri	12	Hám.			166 968.00	166 968.00
Bókari	12	Byrjunarlaun			139 656.00	144 744.00
Tæknifræðingur	20	Byrjunarlaun				191 196.00
Verkstjóri	14	Hám.				179 508.00
Verkstjóri	12	Hám.				166 968.00
Samtals			1 246 368.00	2 355 624.00	3 053 316.00	3 632 496.00

Fylgiskjal 2.2—01.

Viðhaldskostnaður þjóðvega.

Ár	Vh.kostn. í millj. kr.		Eyðsla yfir fjárveitingu		Hlut- fallst. viðh.k.	Lengd akf. þjv. í km	Vh.kostn. á km í kr.	Vh.kostn. á km í kr. miðað við 1949	Bílafj. í ársb.	Vh.kostn. hvern ekinn km miðað við verðl. 1949 í aur/km
	Fjársv.	Kostn.	í millj. kr.	í % af fjársv.						
1949	11.0	13.3	2.3	21.0	100	5350	2480	2480	10520	12.7
1950	12.8	13.9	1.1	8.6	118	5500	2520	2140	10680	11.0
1951	13.8	20.2	6.4	46.4	146	5650	3580	2450	10716	12.9
1952	17.4	19.4	2.0	11.5	168	6000	3230	1920	10634	10.9
1953	21.0	24.0	3.0	14.3	171	6150	3910	2280	10774	13.0
1954	20.5	29.1	8.1	39.5	181	6300	4620	2550	11216	14.3
1955	24.0	26.7	2.7	11.3	190	6500	4110	2160	12193	11.5
1956	29.0	33.4	4.4	15.2	225	7000	4700	2120	15611	9.5
1957	33.0	35.2	2.2	6.7	232	7150	4920	2120	16583	9.3
1958	33.0	41.0	8.0	24.2	270	7400	5540	2050	17802	8.3
1959	41.8	42.9	1.1	2.6	281	7500	5720	2040	18807	8.1
1960	50.0	51.7	1.7	3.4	344	7550	6850	1990	20256	7.4
1961	52.0	54.7	2.7	5.2	382	7600	7200	1875	21631	6.6
1962	58.0	62.1	4.1	7.1	392	7700	8070	2060	23300	6.8
1963	63.0	70.4	7.4	11.7	412	7800	9020	2180	25485	6.7
1964	80.0	82.7	2.7	3.4	476	8760	9430	1980	29224	5.9
1965	92.5	97.6	5.1	5.5	531	8835	11060	2080	31924	5.8
1966	97.6	135.1	37.5	38.4	570	8880	15200	2665	34959	6.8
1967	134.0	155.8	21.8	16.3	571	8910	17450	3050	39278	6.9
1968	156.7	176.7	20.0	12.8	665	8920	19810	2980	42117	6.3
1969	180.7				791	8505	21250	2690	43323	5.3
1970	203.5				834	8515	23900	2870	45031	5.4
1971	213.3				876	8525	25020	2860	48177	5.1
1972	218.5				876	8535	25600	2920	52277	4.8

Fylgiskjal 2.2-02.

	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15
	Vetrar viðh.	Alm. viðh.	Vatna skaðar	Annað viðh.	Samt.	Longd vega	Hlutfallst. viðh. kostn. (vísitala) (1949)	Hlutfallst. miðað við 1968	Vetrar viðh.	Alm. viðh.	Vatna skaðar	Annað viðh.	Samt.	Alm./km	Samt./km
Verðlag viðkomandi árs															
Upph. í þús. kr.															
1965	10 250	72 589	2 677	11 522	97 038	8 835	531	1 252	12 833	90 881	3 352	14 426	121 492	10 290	13 750
1966	25 536	87 784	3 195	17 956	134 471	8 880	570	1 167	29 800	102 444	3 729	20 955	156 928	11 540	17 670
1967	28 033	94 446	5 151	28 120	155 750	8 910	571	1 165	32 658	110 030	6 001	32 760	181 449	12 350	20 370
1968	31 000	105 400	13 000	27 300	176 700	8 920	665	1 000	31 000	105 400	13 000	27 300	176 700	11 820	19 810
1969	35 600	104 400	7 700	33 000	180 700	8 505	791	0 841	30 000	87 800	6 500	27 700	152 000	10 320	17 870
1970	37 600	121 300	8 200	36 400	203 500	8 515	834	0 797	30 000	96 700	6 500	29 000	162 200	11 360	19 050
1971	39 500	127 000	8 600	38 200	213 300	8 525	876	0 759	30 000	96 400	6 500	29 000	161 900	11 360	18 990
1972	39 500	131 100	8 600	39 300	218 500	8 535	876	0 759	30 000	99 500	6 500	29 800	165 800	11 660	19 430

Fylgiskjal 2.6—01.

Framlög til sýsluvegasjóða 1968 (áætlun).

Sýslur	Heimaframlög		Ríkisframlög
	skv. 21. og 26. gr.	Heimaframlög skv. 23. gr.	
Gullbringusýsla	581 312.67	40 000.00	329 000.00
Kjósarsýsla	348 773.10	90 000.00	346 000.00
Borgarfjarðarsýsla	227 310.00	0.00	367 000.00
Mýrasýsla	226 600.00	0.00	704 000.00
Snæfellsness- og Hnappadalssýsla	615 609.00	0.00	588 000.00
Dalassýsla	168 000.00	2 000.00	343 000.00
Austur-Barðastrandarsýsla	63 808.80	1 272.60	125 000.00
Vestur-Barðastrandarsýsla	190 193.67	2 000.00	364 000.00
Vestur-Ísafjarðarsýsla	255 090.18	3 700.00	338 000.00
Norður-Ísafjarðarsýsla	284 094.18	6 800.00	208 000.00
Strandasýsla	150 000.00	0.00	570 000.00
Vestur-Húnavatnssýsla	178 011.00	2 000.00	662 000.00
Austur-Húnavatnssýsla	250 593.00	21 000.00	556 000.00
Skagafjarðarsýsla	310 000.00	8 000.00	964 000.00
Eyjafjarðarsýsla	465 081.00	0.00	479 000.00
Suður-Pingeyjarsýsla	414 612.18	18 000.00	966 000.00
Norður-Pingeyjarsýsla	206 145.93	5 000.00	693 000.00
Norður-Múlasýsla	302 000.00	5 000.00	1 044 000.00
Suður-Múlasýsla	572 393.94	0.00	665 000.00
Austur-Skaftafellssýsla	154 000.00	4 000.00	238 000.00
Vestur-Skaftafellssýsla	204 188.16	3 500.00	521 000.00
Rangárvallasýsla	455 942.88	0.00	1 115 000.00
Árnessýsla	775 000.00	290 000.00	1 115 000.00
	7 398 759.69	502 272.60	13 300 000.00

Fylgiskjal 3.0—01.

	Þjóðvegir samkvæmt vegáætlun 1965—1968					Þjóðvegir samkvæmt till. til þingsál. um vegáætlun 1969—1972				
	Þjóðv. í þéttbýli km	Hraðbr. km	Þjóðbr. km	Landsbr. km	Þjóðv. alls km	Þjóðv. í þéttbýli km	Hraðbr. km	Þjóðbr. km	Landsbr. km	Þjóðv. alls km
A. Reykjaneskjörd.	31.5	93.2	83.7	236.9	445.3	31.1	147.7	37.0	198.4	414.2
B. Vesturlandskjörd. ...	7.5	—	479.3	1063.8	1550.6	7.3	100.7	386.0	970.6	1464.6
C. Vestfjarðakjörd.	13.4	—	493.0	1063.7	1570.1	14.0	—	493.0	907.4	1414.4
D. Norðurlandskjörd. v.	10.1	—	352.4	838.7	1201.2	8.3	—	352.4	779.0	1139.7
E. Norðurlandskjörd. e.	11.4	10.0	575.8	769.8	1367.0	12.3	14.8	565.3	690.7	1283.1
F. Austurlandskjörd. ...	14.1	—	690.4	1058.1	1762.6	15.1	2.3	687.1	810.6	1515.1
G. Suðurlandskjörd. ...	8.4	45.3	275.1	1272.3	1601.1	9.7	68.9	235.5	1264.3	1578.4
Samtals	96.4	148.5	2949.7	6303.3	9497.9	97.8	334.4	2756.3	5621.0	8809.5

Fylgiskjal 3.0—02.

Hraðbrautir 1. janúar 1969.

	Samkv. vegáætl. 1965—1968					Samkv. till. til þingsál. um vegáætl. 1969—1972				
	Ekki	Ófullgert	Fullgert	Akfært	Hraðbr.	Ekki	Ófullgert	Fullgert	Akfært	Hraðbr.
	bílfært				alls	bílfært				alls
	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km
A. Reykjaneskjörd.	9.3	46.4	37.5	83.9	93.2	9.3	99.8	38.6	138.4	147.7
B. Vesturlandskjörd. ...	—	—	—	—	—	—	100.7	—	100.7	100.7
C. Vestfjarðakjörd.	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—
D. Norðurlandskjörd. v.	—	—	—	—	—	—	—	—	—	—
E. Norðurlandskjörd. e.	—	10.0	—	10.0	10.0	—	14.8	—	14.8	14.8
F. Austurlandskjörd. ...	—	—	—	—	—	—	2.3	—	2.3	2.3
G. Suðurlandskjörd. ...	24.0	21.3	—	21.3	45.3	—	68.9	—	68.9	68.9
Samtals	33.3	77.7	37.5	115.2	148.5	9.3	286.5	38.6	325.1	334.4

Fylgiskjal 3.0—03.

Þjóðbrautir 1. janúar 1969.

	Samkv. vegáætl. 1965—1968					Samkv. till. til þingsál. um vegáætl. 1969—1972				
	Ekki	Rutt	Lagt	Akfært	Þjóðbr.	Ekki	Rutt	Lagt	Akfært	Þjóðbr.
	bílfært				alls	bílfært				alls
	km	km	km	km	km	km	km	km	km	km
A. Reykjaneskjörd.	—	12.3	71.4	83.7	83.7	—	—	37.0	37.0	37.0
B. Vesturlandskjörd. ...	—	19.1	460.2	479.3	479.3	—	12.0	374.0	386.0	386.0
C. Vestfjarðakjörd.	12.5	99.9	380.6	480.5	493.0	12.5	99.9	380.6	480.5	493.0
D. Norðurlandskjörd. v.	—	13.9	338.5	352.4	352.4	—	13.9	338.5	352.4	352.4
E. Norðurlandskjörd. e.	—	87.0	487.8	575.8	575.8	—	87.0	478.3	565.3	565.3
F. Austurlandskjörd. ...	—	199.8	490.6	690.4	690.4	—	199.8	487.3	687.1	687.1
G. Suðurlandskjörd. ...	28.0	20.7	226.4	247.1	275.1	12.0	20.7	202.8	223.5	235.5
Samtals	40.5	452.7	2455.5	2909.2	2949.7	24.5	433.3	2298.5	2731.8	2756.3

Fylgiskjal 3.0—04.

Landsbrautir 1. janúar 1969.

	Samkv. vegáætl. 1965—1968						Samkv. till. til þingsál. um vegáætl. 1969—1972					
	Ekki	Rutt	Lagt	Akfært	Lands-		Ekki	Rutt	Lagt	Akfært	Lands-	
	bílfært				Hliðar-	brautir	bílfært				Hliðar-	brautir
	km	km	km	km	vegir	alls	km	km	km	km	vegir	alls
A. Reykjaneskjörd.	11.7	58.4	159.1	217.5	7.7	236.9	4.3	54.0	129.3	183.3	10.8	198.4
B. Vesturlandskjörd. ...	82.6	193.8	748.3	942.1	39.1	1063.8	57.2	173.0	695.2	868.2	45.2	970.6
C. Vestfjarðakjörd.	163.7	349.3	527.1	876.4	23.6	1063.7	76.3	284.3	506.4	790.7	40.4	907.4
D. Norðurlandskjörd. v.	36.7	211.8	561.3	773.1	28.9	838.7	32.4	187.2	527.8	715.0	31.6	779.0
E. Norðurlandskjörd. e.	11.4	187.6	545.8	733.4	25.0	769.8	1.8	117.5	540.4	657.9	31.0	690.7
F. Austurlandskjörd. ...	106.7	465.8	467.0	932.8	18.6	1058.1	41.0	355.4	390.7	746.1	23.5	810.6
G. Suðurlandskjörd. ...	52.1	220.7	965.5	1186.2	34.0	1272.3	55.4	214.6	953.6	1168.2	40.7	1264.3
Samtals	464.9	1687.4	3974.1	5661.5	176.9	63.303	268.4	1386.0	3743.4	5129.4	223.2	5621.0

Fylgiskjal 3.0—05.

Þjóðvegir í þéttbýli 1. janúar 1965 og 1969.

	1. janúar 1965			1. janúar 1969		
	Malarv. km	Vegir með varanl. sl.l. km	Vegir alls km	Malarv. km	Vegir með varanl. sl.l. km	Vegir alls km
A. Reykjaneskjördæmi	20.6	10.9	31.5	14.8	16.3	31.1
B. Vesturlandskjördæmi	5.5	2.0	7.5	6.3	1.0	7.3
C. Vestfjarðakjördæmi	12.5	0.9	13.4	13.1	0.9	14.0
D. Norðurlandskjördæmi vestra .	9.0	1.1	10.1	5.8	2.5	8.3
E. Norðurlandskjördæmi eystra .	9.0	2.4	11.4	11.4	0.9	12.3
F. Austurlandskjördæmi	13.3	0.8	14.1	14.0	1.1	15.1
G. Suðurlandskjördæmi	7.0	1.4	8.4	7.2	2.5	9.7
Samtals	76.9	19.5	96.4	72.6	25.2	97.8

Fylgiskjal 3.0—06.

Sýsluvegir 1. janúar 1969.

	Lengd skv. sýsluvegasamb. km	Breyting á sýsluv. skv. till. til þingsál. um vegáætl. 1969—1972		Samtals km
		km	km	
Gullbringusýsla	17.5	3.8		21.3
Kjósarsýsla	45.8	5.0		50.8
	63.3	8.8		72.1
Borgarfjarðarsýsla	50.0	8.5		58.5
Mýrasýsla	124.7	6.9		131.6
Snæfellsness- og Hnappadalssýsla	92.2	31.5		123.7
Dalassýsla	43.9	17.2		61.1
	310.8	64.1		374.9
Austur-Barðastrandarsýsla	47.8	25.9		73.7
Vestur-Barðastrandarsýsla	58.8	5.6		64.4
Vestur-Ísafjarðarsýsla	64.4	12.7		77.1
Norður-Ísafjarðarsýsla	55.1	6.2		61.3
Strandasýsla	123.7	18.0		141.7
	349.8	68.4		418.2
Vestur-Húnavatnssýsla	141.5	4.5		146.0
Austur-Húnavatnssýsla	91.0	6.4		97.4
Skagafjarðarsýsla	134.8	24.8		159.6
	367.3	35.7		403.0
Eyjafjarðarsýsla	61.0	6.7		67.7
Suður-Þingeyjarsýsla	142.4	14.2		156.6
Norður-Þingeyjarsýsla	115.7	58.0		173.7
	319.1	78.9		398.0
Norður-Múlasýsla	156.2	68.6		224.8
Suður-Múlasýsla	89.2	46.6		135.8
Austur-Skaftafellssýsla	31.3	28.4		59.7
	276.7	143.6		420.3
Vestur-Skaftafellssýsla	81.9	16.6		98.5
Rangárvallasýsla	176.1	23.6		199.7
Árnessýsla	196.7	-9.6		187.1
	454.7	30.6		485.3
Samtals	2141.7	430.1		2571.8

Fylgiskjal 3.0—07.

Kjördæmi	Óbrúaðar ár á þjóðvegum						Bæir, sem hafa ekkert eða ófullkomið vegasamband					
	Samkvæmt vegáætlun 1965—1968				Samkv. till. til þingsál. um vegáætlun 1969—1972		1. janúar 1965			1. janúar 1969		
	1. jan. 1965		31. des. 1968		1. jan. 1969		Alls ekki akfært	Aðeins Erfiða á akf. að bryggju		Alls ekki akfært	Aðeins Erfiða á akf. að bryggju	
	Brýr 4–10 m	Brýr l. en 10 m	Brýr 4–10 m	Brýr l. en 10 m	Brýr 4–10 m	Brýr l. en 10 m		yfir að fara	eða flugv.		yfir að fara	eða flugv.
A. Reykjanes	2	2	2	1	1	1	0	0	0	0	0	0
B. Vesturl.	19	6	7	4	7	3	1	24	0	0	10	0
C. Vestfj.	58	13	37	9	19	6	18	1	23	10	1	0
D. Norðurl. v.	12	5	3	6	3	5	13	21	0	6	9	1
E. Norðurl. e.	18	7	2	4	2	1	5	5	0	1	3	0
F. Austurl.	57	26	37	16	20	10	1	18	25	1	11	0
G. Suðurlands	8	10	7	9	7	10	3	2	0	0	0	0
Samtals	174	69	95	49	59	36	41	71	48	18	34	1

Vatnsföll á Skeiðarársandi eru ekki talin með.

Á aðalfjallvegum eru 19 óbrúaðar ár, og eru þá aðeins talin stærri vatnsföll.

Fylgiskjal 3.0—08.

Kjördæmi	Óbrúaðar ár á sýsluvegum.				Skv. vegáætlun 1965—1968		Skv. vegáætlun 1969—1972	
	1. jan. 1965		31. des. 1968		1. jan. 1969			
	Brýr 4–10 m	Brýr lengri en 10 m	Brýr 4–10 m	Brýr lengri en 10 m	Brýr 4–10 m	Brýr lengri en 10 m		
A. Reykjaneskjördæmi	1	1	1	4	1	4		
B. Vesturlandskjördæmi	14	8	6	5	6	6		
C. Vestfjarðakjördæmi	17	13	17	9	31	9		
D. Norðurlandskjördæmi vestra	8	14	4	5	4	5		
E. Norðurlandskjördæmi eystra	11	2	3	1	3	1		
F. Austurlandskjördæmi	18	12	15	9	23	13		
G. Suðurlandskjördæmi	11	4	4	2	4	2		
Samtals	80	54	50	35	72	40		


Fylgiskjal 3.0—09.

Byggingarár	Aldur brúa 10 m og lengri.				Reiknað álag
	Timburbrýr	Stálbrýr	Steyptar brýr	Brýr alls	
1900—1909		1		1	Mannþröng 400 kg/m ²
1910—1919		3	34	37	Mannþröng 400 kg/m ²
1920—1929		9	62	71	Mannþröng 400 kg/m ² eða vagn 6 tonn
1930—1939		19	99	118	Mannþröng 400 kg/m ² eða vagn 6 tonn
1940—1949		41	86	127	Mannþröng 400 kg/m ² eða vagn 6—20 tonn
1950—1959	4	76	167	247	Vagn 20—34 tonn
1960—1968		75	91	166	Vagn 20—34 tonn
	4	224	539	767	

1967


Fylgiskjal 3.0-10

WESTURLANDSVEGUR	
Norðan vegamíða	440
Nýja Haugum	
Nýja Bifbrót	370
Sunnan Dalarmyr	
Vestan	
NORÐURLANDSVEGUR	
Norðan Dalarmyr	310




SUÐURLANDSVEGUR	
Vestan Hellu	480
Östun	485
Östun Dalavegur	
Vestan Hvalvellir	480
Víð íverð	380
Östun Markarfljóts	300

VEGAGERÐ RÍKISINS	
Undirbúningur	Astibúnaður
Kartúð málðunerið júlí-október 1967	
Bifreiðar á skilríking	
Keyptími: 16/8 66, 24/	



Fylgiskjal 3.0-11



VESTURLANDSVEGUR:	
Norðan vegarmála	
þíð Raugum	
þíð Bláfæti	485
Sunnan Dalarmýnis	145
Vestan	
NORÐURLANDSVEGUR	
Norðan Dalarmýnis	380

SÚÐURLANDSVEGUR	
vestan Helli	
austan	
austan Oddavegar	
vestan Hvolsvællar	
við Þverð	
austan Markarfljóts	

VEGGERÐ RIKISINS	
Umferðartelling	Afritsbúmynd
Mæðalumferð mánuðina júní-september 1968	
Bilfréttir á sólarhring	
Reykjavík 4.1.68	

1968

